



Þátttakendur ásamt Magnúsi Stephensen, FabLab stjóra, og Dýrfinnu Sigurjónsdóttur, verkefnastjóra hjá Fræðslunetinu.

Fyrsti FabLab-hópurinn útskrifaður

Fræðslunetið brautskráði í desember sl. fyrsta hópin úr FabLab-smiðju. Hópurinn naut nýrrar FabLab-aðstöðu sem er til húsa í Hamri/FSu. Mikil og almenn ánægja var meðal þátttakenda í smiðjunni, bæði með aðstöðuna og viðfangs-

efnin. FabLab er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Hönnunarvinnan fer fram í tölvu og afurðirnar eru síðan framleiddar í t.d. þrívíddarprentara, tölvustýrðum leiserskera eða fræsivél.

Leikfélag Hveragerðis æfir Tvo tvöfalda



Frá æfingu Leikfélags Hveragerðis.

Leikfélag Hveragerðis æfir nú laf kappi gamanfarsann Tveir tvöfaldir, eftir breska leikskáldið Ray Cooney. Meðal verka hans eru t.d. Með vífið í lúkunum, sem leikfélagið setti á svið 2013.

Tveir tvöfaldir gerist á Hótel Höll en þar tekst formanni fjárlaganefndar Alþingis að koma sér og aðstoðarmanni sínum í ótrúleg vandræði, þekkt staðreynd úr heimi stjórnmálanna! Þingmað-

urinn hefur sem sé ákveðið að skrópa á nefndarfundum til að eiga stund með hjákoni sinni. Hreinlyndur og saklaus aðstoðarmaður þingmannsins klúðrar hins vegar málunum og úr verður hrærgrautur miskilnings og lyga!

Alls taka um 20 manns þátt í sýningunni sem áætlað er að frumsýna í Leikhúsinu Austurmörk 23 í Hveragerði seinni hluta janúarmánaðar.

Kór Menntaskólans að Laugarvatni hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2018

Kór Menntaskólans að Laugarvatni, ásamt stjórnand- anum Eyrúnu Jónasdóttur, hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2018. Verðlaunin voru afhent við hátíð- lega athöfn í Fjölbautaskóla Suð- urlands sl. fimmtudag. Verðlaunin hlaut kórinn og stjórnandi hans Eyrún Jónasdóttir fyrir metnaðar- fullt kórastarf til fjölda ára og framúrskarandi stjórnun hans.

Á samkomunni voru einnig kynnt verkefni sem fengu styrki úr Vísinda- og rannsóknasjóði Suðurlands. Sjóðurinn ákvað að þessu sinni að styrkja tvö verkefni um 750.000 krónur hvort eða samtals 1.500.000 kr. Styrk- hafar sjóðsins fyrir árið 2018 eru: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir vegna doktorsverkefnisins; Eyja- fjallajökulsgos 2010 – áhrif á íbúa og enduruppbygging samfélaga og Ástrós Rún Sigurðardóttir



Handhafar Menntaverðlauna Suðurlands 2018 ásamt Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands, Ingunni Jónsdóttur, verkefnastjóra hjá Háskólafélagi Suðurlands og Evu Björk Harðardóttur, formanni SASS.

Mynd: ÖG.

vegna mastersverkefnisins; Þátt- ur félags- og menningarauðs í námi og menntun barna með fjöl- menningarlegan bakgrunn.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti styrkina og ávarp- aði einnig fundinn.

Sjá nánar á bls. 16.

Tækifæri til að prófa eitthvað nýtt í Tryggvaskála

Mikið er um að vera í Tryggva- skála um þessar mundir og alls konar þemadagar á dagskrá. Grænkeradagar eru haldnir hátíð- legir alla miðvikudaga þar sem mismunandi matseðlar eru settir saman í hvert sinn. Þar gefst matgæðingum sem vilja prufa eitthvað nýtt gott tækifæri til að láta koma sér á óvart. Um síðustu helgi var suðræn og seiðandi stemning í Tryggvaskála. Þá var haldin taco veisla í samstarfi við Rio Reykjavík, sem er veitinga- staður undir suður-amerískum áhrifum.

Helgina 18. til 20. janúar verður sushi-helgi þar sem Sunnlend- ingar geta fengið alvöru sushi. Í lok mánaðarinnar verður svo haldið upp á bóndadaginn eins og síð-



Starfsfólk Tryggvaskála Selfossi.

ustu ár. Það ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í Tryggvaskála í janúar og spenn-

andi verður að sjá hvað verður boðið upp á í febrúar þar sem hver helgi hefur sitt þema.

Er gólfhitinn rétt stilltur?

Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Þú færð smurþjónustu, bílaperur og rúðuþurrkur hjá Toyota Selfossi, viðurkenndum söluaðila Toyota á Íslandi.

Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

ÍPRÓTTAHÚSIÐ VALLASKÓLA 26. JANÚAR

SELFOS

ÞORRABLÓT 2019



SIGURJÓN FRÁ SKOLLAGRÓF · LÉTTISVEITIN RÓFUSTAPPA
ATLI FANNAR BJARKASON · HLJÓMSVEITIN BRIMNES
FJÖLDASÖNGUR · LEYNIATRÍÐI · GÖMLU DANSARNIR
BRENNIVÍN "SNAPS" OG FLEIRA OG FLEIRA
VEISLUSTJÓRI HJÓRTUR BENEDIKTSSON

Míðasala hefst 4. janúar og stendur til 24. janúar í Gallerí Özone Selfossi og á Tík.is.
Míðaverðið á blót og ball er 7.200 kr. en sérstakt forsaleiðing tilboð verður frá 4. til 11. janúar
eða litlar 6.800 kr. En míðaverðið á ballið er 3.000 kr. Nánari upplýsingar má finna á
Facebooksíðunni "Selfossþorrablot" og í síma 4 800 100 - Góða skemmtun!



Aðalfundur Sleipnis 2019

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf. verður haldinn miðvikudaginn 23. janúar nk. kl. 20 í Hlíðskjálfi.

Dagskrá: Venjuleg fundarstörf
Önnur mál

Kveðja, stjórnin

»DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!



Afhentu styrk sem safnaðist á góðgerðardegi

Mánudaginn 17. desember síðastliðinn var haldinn árlegur opinn gangasöngur hjá Grunnskólanum í Hveragerði og heppnaðist hann afar vel. Nemendur og starfsfólk skólans komu saman og sungu inn jólin ásamt gestum og gangandi. Á sama tíma var afhentu styrkur sem safnaðist hafði eftir góðgerðardag skólans 30. nóvember síðastliðinn en þá seldu nemendur ýmsar afurðir sem unnar höfðu verið í skólanum. Nemendur völdu þetta árið að styrkja landssamtökin Birtu. Tilgangur samtakanna er að standa fyrir fræðslu og ýmsum viðburðum á landsvísi fyrir syrgjandi foreldra og fjölskyldur þeirra. Þá hafa samtökin einnig staðið fyrir árlegum hvíldardögum fyrir foreldra með endurnærandi hvíld að leiðarljósi.

Gabríela Birta Kristjónsdóttir, formaður nemendafélagsins, og Daníel Hrafn Fannarsson, yngsti nemandi skólans (sem varð 6 ára 19. desember), afhentu Helenu Rós Sigmarsdóttur og Elínu Björgu Birgisdóttur frá Birtu táknrænt skjal fyrir millifærslu upp á 1.750.000 krónur til samtakanna. Grunnskólinn í Hveragerði vill þakka öllum



Frá vinstri: Matthea aðstoðarskólafjór, Sævar Þór skólafjór, Daníel Hrafn yngsti nemandi skólans, Gabríela Birta formaður nemendafélagsins, Elín Björg, Helena Rós og Alexander Birgir frá landssamtökunum Birtu.

þeim sem mættu á opna gangasönginn kærlega fyrir komuna, sem og þeim sem studdu við nemendur í tengslum við góðgerðardaginn. Sérstakar þakkir fá þau fjölmörgu fyrirtæki sem studdu við verkefnið með styrkjum og gjöfum.

Af litlum neista – starfsþróun í grunnskólum Árborgar

Á skólaárinu 2018–2019 gefst Kennurum í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla tækifæri til að vinna að skólaþróunarverkefnum sem tengjast hugmyndinni um skólann sem lærdómssamfélag og fá öll verkefni styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Kennarar velja sér eitt af þremur viðfangsefnum til að þróa, þau eru innleiðing eða þróun teymiskennslu, leiðir til að bæta bekkjar- og skólabrag og efling foreldrasamstarfs.

Verkefnið var sett af stað með málþingi í Sunnulækjarskóla föstudaginn 17. ágúst 2018. Umsjónarmenn verkefnisins eru

Anna Kristín Sigurðardóttir og Ingvar Sigurgeirsson, prófessorar á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Verkefnið er unnið í fagteymum í hverjum skóla en nokkrum sinnum yfir veturinn koma allir saman til að deila þekkingu og reynslu og til að hlýða á erindi. Nú í byrjun árs eða fimmtudaginn 3. janúar sl. komu allir kennarar skólanna og fleiri starfsmenn saman í Sunnulækjarskóla á afar vel heppnuðum starfsdegi þar sem lærdómsandinn sveif yfir vötnum. Nanna Christiansen, verkefnastjóri á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, fjallaði um leiðir til að efla samstarf við foreldra,



Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi, fjallaði um árangursríka teymiskennslu og Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, kenndi ýmsar leiðir til að efla samskipti og bekkjarbrag. Þetta stóra starfsþróunarverkefni, sem tekur mikið mið af áhuga hvers kennara, heldur áfram út skólaárið og lýkur svo með uppskeruhátíð í júní næstkomandi.

Breytingar á þjónustu heilsugæslunnar á Selfossi

Fyrsta febrúar næstkomandi verða breytingar á fyrirkomulagi þjónustu heilsugæslustöðvarinnar á Selfossi. Verkefni heilsugæslunnar á undanförunum árum hafa aukist mikið og bið eftir tíma til lækis hefur verið löng. Notendur þjónustunnar hafa stundum þurft að bíða vikum saman eftir tíma hjá lækni og oft liggur ekki fyrir hvert erindið er fyrir en í tímann er komið. Stundum kemur þá í ljós að viðkomandi erindi hefur átt að sinna fyrir eða þá að það sé þess eðlis að einhver annar hefði geta sinnt því og þá mun fyrir. Önnur afleiðing af mikilli bið á heilsugæslunni hefur verið sú þróun að fólk leitar meira í bráðapjónustuúrræði.

Teymisvinna

Tekin verður upp teymisvinna lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna en tilgangur hennar er að forgangsraða og dreifa verkefnum á þann fagadila sem er hæfastur eða best fallinn til að sinna þeim hverju sinni.

Hjúkrunarstýrð móttaka

Móttakan verður hjúkrunarstýrð. Þeir sem þurfa á tíma að halda hringja inn í móttöku



HSU og fá samdægurs símatíma hjá hjúkrunarfræðingi í viðkomandi teymi. Hjúkrunarfræðingur hringir síðan samdægurs eða í síðasta lagi næsta morgun til baka og fær upplýsingar um erindið. Með þessu móti er hægt að forgangsraða vandamálum sem er afar mikilvægt en einnig gefst kostur á því að leysa minna aðkallandi vandamál eða spurningar með ráðgjöf ásamt því að hjúkrunarfræðingar verða einnig með móttöku. Þeir sem þurfa að hitta lækni á tíma sem hjúkrunarfræðingur bókar en slíkir tímur geta verið samdægurs eða seinna allt eftir því um hvað málið snýst. Þarna gefst líka tækifæri til þess að undirbúa komuna, t.d. með því að panta rannsóknir sem eru þá tilbúnar við komu til lækis.

Með þessum breytingum nýttast starfskraftar lækna og hjúkrunarfræðinga mun betur og notendur þjónustunnar fá strax af-

greiðslu á sínum erindum, ásamt því að undirbúningur verður betri og afgreiðsla á rannsóknarniðurstöðum verður skilvirkari.

Við biðjum íbúa um að sýna því skilning að það tekur tíma að koma svona breytingu á og við vitum að í byrjun mun vafalítið þurfa að bregðast við ófyrirséðum breytum. Eins þarf fólk að venjast því að geta ekki lengur pantað tíma beint hjá lækni. Það verða allir áfram með skráðan heimilislækni en við bætist að nú verða allir í ákveðnu teymi og eiga því að geta leitað til þeirra hjúkrunarfræðinga og lækna sem þar eru. Þetta tryggir að ef einhver starfsmaður er ekki í vinnu þá eru það hinir í teyminu sem eiga að sinna því erindi. Undirbúningur hefur staðið lengi og er starfsfólk stöðvarinnar spennit og áhugasamt um að bæta þjónustuna, ásamt því að samvinna allra mun aukast.

F.h. Heilbrigðisstofnunar
Suðurlands

Arnar Þór Guðmundsson,
yfirleknir heilsugæslustöðinni
á Selfossi

Unnur Þormóðsdóttir,
hjúkrunarstjóri
heilsugæslustöðinni á Selfossi

Einar Bárðar fagnar 20 ára höfundarafmæli í Hvíta húsinu

Einar Bárðarson fagnar 20 ára höfundarafmæli sínu með sögustund og „singalong“ tónleikum í Hvíta húsinu á Selfossi ásamt hljómsveit og gestum föstudaginn 8. febrúar nk. Þar fer Einar yfir 20 ára feril sinn sem dægurlagahöfundur en sl. voru 20 ár frá því lagið „Farin“ kom út með hljómsveitini Skítamóral en lagið varð þeirra allra vinsælasta og sló í gegn nánast á einni nóttu. Svo fylgdu lögin eitt af öðru sem heimsóttu þann ágæta lista; „Birta“, „Spenntur“, „Myndir“, „Ennþá“, „Ég sé þig“ og fleiri og fleiri.

Einar hefur sjálfur ekki mikið komið fram sem flytjandi en tónleikarnir í Hvíta húsinu eru þannig liður í að fagna höfundarafmælinu. Þar mun hann koma fram ásamt völdu tónlistarfólki og nokkrum valinkunnum söngvurum. Einar fer yfir



sögurnar á bak við sín vinsælustu lög og flytur þau með sínu nefi ásamt vinum og félögum. Hljómsveitina skipa þeir Þórir Úlfarsson á píanó og hammond, Eiður Arnarson á bassa, Hannes Friðbjarnarson á trommur

og þeir Kristján Grétarsson og Pétur Valgarð Pétursson á gítara. Sérstakir gestir verða meðal annarra Einar Ágúst Víðisson og Gunnar Ólason úr Skítamóral ásamt fleirum.

Einfaldaralíf.is ÖFGAR EÐA JAFNVÆGI?



Nú árið er liðið í aldanna skaut og aldrei það kemur til baka orti séra Valdimar Briem. Í upphafi nýs árs er gott að líta til baka yfir farinn veg, yfir árið sem kemur aldrei til baka og meta hvað gekk vel og hvað gekk síður vel.

Í upphafi hvers árs set ég mér markmið. Ég vil að markmiðin séu mælanleg en um leið



þroskandi en ekki óraunhæf. Það er algengt að í upphafi nýs árs þegar flestir eru komnir með nóg af allskyns sálkeramat og sykri að fólk setji sér þau markmið að mæta í ræktina og fara á sérstakt mataræði. Margir kaupa sér kort í líkamrækt og ræktin fyllist af nýju fólki. En skyndilega, í lok febrúar eru margir þeirra búnir að gleyma því að þeir eigi kort í ræktina en halda þó áfram að borga mánaðargjaldið og verða sérstakir styrktaraðilar líkamræktarstöðvarinnar.

Ég veit ekki hvort þú kannast við að vera í þessum hópi en ég kannast svo sannarlega við það. Ég er á þeirri skoðun að í öllu lífinu þá þurfi að vera ákveðið jafnvægi. Ég á það til að verða öfgafull þegar kemur að hreyfingu, mataræði,

áhugamálum eða öðru slíku og hef fundið það síðustu ár að jafnvægi hentar mér best. Þegar kemur að mataræði og hreyfingu þá hentar mér best að nota svokallaða 80/20 reglu. Það þýðir það að í 80% tilfellum borða ég mat sem nærir mig og byggir líkama minn upp en ef ég er boðin í veislu eða það koma jól þá get ég leyft mér eitthvað annað sem mig langar í en það þýðir ekki að ég lifi á því einu saman og snúi reglunni við. Þegar kemur að hreyfingu þá hentar mér best á þessum tímamarki lífs míns að gera æfingar heima. Ég er með fullt hús af börnum og hef nóg á minni könnu og í stað þess að verða svekkt yfir að komast ekki í líkamræktarstöðina þá hef ég agað mig í að gera æfingar heima. Ég tek stundum 15 mínútna æfingar og stundum 30 mínútna æfingar en þó svo það komi vika þar sem ég geri einungis 15 mínútna æfingar þá er það í góðu lagi. Því það er betra að stunda 15 mínútna æfingar reglulega en að taka skorpur og gera 30 mínútna æfingu nokkrum sinnum eina vikuna og hreyfa sig svo ekki neitt í nokkrar vikur.

Í janúar eru margir ef ekki allir komnir með nóg af eyðslu og magni hluta á heimilinu sínu. Fólk vill byrja að spara og minnka magn hluta sem taka of mikið pláss og of mikinn tíma frá manni. Ég þekki þess tilfinningu mjög vel og það er ástæðan fyrir því að ég byrjaði að einfalda lífið fyrir nokkrum árum. Ég þrái að geta



notað tíma minn og peninga í annað en að eignast nýjasta kertastjakann eða þurfa endalaust að koma hlutum fyrir á heimilinu. Ég hef spjallað við ótal marga einstaklinga sem upplifa einmitt þetta og það er ástæðan fyrir því að ég skapaði námskeiðið *Einfaldara líf - Betra líf* sem er rafrænt námskeið sem þú getur nálgast á heimasíðunni minni. Þetta námskeið er þannig byggt upp að þú getur hlustað á kennslurnar og unnið verkefni þegar þér hentar.

Þú getur skráð þig á þetta námskeið á heimasíðunni minni www.einfaldaralif.is og byrjað að hlusta á kennslurnar strax í dag.

Ég hvet þig til þess að byrja árið vel og muna að jafnvægi er alltaf betra en öfgafull markmið.

Kærleiksveðja,
Gunná Stella,
IIN heilsumarkþjálfari.

www.einfaldaralif.is
Instagram: [gunnastella](https://www.instagram.com/gunnastella)
Facebook: Einfaldara líf - Heilsumarkþjálfun

ELSKAÐU DEKKIN ÞÍN

Lægra verð á gæðadekkjum til frambúðar.

Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is



LAUS STÖRF HJÁ HEILSUSTOFNUN Í HVERAGERÐI

ÍÞRÓTTAKENNARI ÓSKAST TIL AFLEYSINGA

Starfshlutfall er 50% eða eftir samkomulagi. Starfið er fjölbreytt og felur í sér kennslu í ýmsum hóptímum, tækjasal, vatnsleikfimi og fræðslu fyrir dvalargesti ásamt útgöngum og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi.

Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, vera lipur í mannlegum samskiptum og samstarfsgóður.

Starfsmannarúta fer til og frá Reykjavík (Rauðavatn). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Anna Margrét Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari, annamargret@heilsustofnun.is og Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri, aldis@heilsustofnun.is. Einnig í síma 4830300

STARFSMAÐUR ÓSKAST Í ELDHÚS

Starfshlutfall er 100% í vaktavinnu. Starfið er fjölbreytt en á Heilsustofnun er framleitt og framreitt úrvals heilsufæði úr grænmeti og fiski ásamt glæsilegum salatbar.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera lipur í samskiptum og tala íslensku.

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja starfsreynslu og geti byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Halldór Steinsson yfirmatreiðslumaður, halldors@heilsustofnun.is og Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri, aldis@heilsustofnun.is. Einnig í síma 4830300

Gildin okkar umhyggja, virðing og velferð eru leiðarljós í okkar störfum.

Umsóknir þurfa að berast á netfangið
aldis@heilsustofnun.is



Berum ábyrgð á eigin heilsu

Nýir leikmenn til Selfoss-Körfu

Selfoss-Karfa samdi við tvo nýja erlenda leikmenn rétt fyrir áramótin. Jafnframt var samningi við Mike Rodriguez og Arminas Kelmelis sagt upp. Þá er Hlynur Hreinsson genginn til liðs við Selfoss á ný en hann hefur verið hjá Grindavík það sem af er tímabili.

Nýju leikmennirnir eru Chaed Brandon Wellian og Marvin Smith Jr.

Wellian er Hollendingur, 26 ára gamall framherji sem leikið hefur víða um Evrópu. Hann lék 3 leiki með Sindra í 1. deildinni í nóvember og desember og var með 20 stig og 10 fráköst að meðaltali í þeim leikjum. Wellian er ríflega tveggja metra há, fjölhæfur leikmaður sem getur skotið af öllu færi, tekið fráköst og hefur góða sendingahæfni.

Marvin Smith Jr. er 23 ára gamall Bandaríkjamaður sem lauk ferli sínum hjá University of North Carolina sl. vor. Hann



Chaed Brandon Wellian. Marvin Smith Jr. Hlynur Hreinsson.

spilaði í haust í NBA G-League með Chicago. Smith Jr. er tæpra tveggja metra leikmaður, léttur framherji sem getur spilað fleiri stöður.

Hlynur kemur frá Grindavík en þar hafði hann ekki fengið mörg tækifæri til að sýna sig það sem af er keppnistímabili, spilaði aðeins rúmar 9 mínútur að meðaltali. Hann styrkir Selfossliðið verulega fyrir lokasprettinn í 1. deildinni. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á liðsskipaninni með nýjum erlendum

leikmönnum er kærkomið að fá til baka svo góðan leikstjórnanda. Hlynur hefur undanfarin ár verið í framvarðarsveit Selfossliðsins og iðulega yljað stuðningsmönnum þess með góðum leik og flottum tilprifum.

Föstudaginn 18. janúar leikur Selfoss gegn Sindra á Höfn en fyrsti heimaleikurinn í Gjánni á nýju ári verður fimmtudaginn 24. janúar kl. 19:15 gegn Hetti frá Egilsstöðum. Sá leikur er jafnframt síðasti leikurinn í 2. umferð deildarkeppinnar.



Notendaráð á fundi 10. desember. Frá vinstri: María Sigurjónsdóttir, Sigurjón Brynjarsson, Svavar Jón Árnason, Reynir A. Ingólfsson, formaður og Kári Halldórsson.

Áskorun til velferðarráðherranna

Notendaráð fatlaðs fólks á Suðurlandi hefur sent þeim Svandísi Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra og Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og jafnréttismálaráðherra, áskorun um að taka húsnæðismál Tryggva Ingólfssonar föstum tókum og leysa svo sómi sé að. Telur ráðið skýrt að um mannréttindabrot sé að ræða enda standi meðal annars eftirfarandi í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. „Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir sínar

og óskir...“. Það samræmist því ekki samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að þurfa að dvelja á spítala í heilt ár vegna skorts á úrlausn mála, enda Tryggvi frískur maður.

Tryggvi Ingólfsson hefur búið á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli síðastliðin 11 ár, þar sem hann hefur notið þjónustu og haldið heimili. Hann þurfti að fara í aðgerð á Landspítalanum í lok árs 2017 en hefur ekki átti afturkvæmt heim til sín vegna andmæla starfsfólks Kirkjuhvols og hef-

ur því búið á bráðalegudeild Landspítalans í Fossvogi í rúmt ár. Samkvæmt læknum Tryggva hefur hann verið tilbúinn til útskriftar frá því 27. mars. Þykir notendaráði furðu sæta að ekki hafi fundist lausn á húsnæðismálum Tryggva en dvalarheimilinu Kirkjuhvoli hefur ekki tekið að undirbúa heimkomu hans á þeim sjö mánuðum sem liðnir eru frá því að aðgerðaráætlun var sett þar í framkvæmd til að undirbúa heimkomu hans.



Matgæðingur vikunnar er Eyþór Frímansson.

Ég þakka Steinari kærlega fyrir áskorunina.

Mig langar að deila með ykkur uppskrift að Beef Stroganoff sem hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér. Hún kemur frá mömmu og er einföld og góð. Þetta er finn vetrarréttur sem gott er að ylja sér á þegar kalt er úti.



Eyþór Frímansson.

Stroganoff (fyrir fjóra)

- 800 g nautakjöt (meyrt, skorið í litla bita)
- Smjör
- Olía
- 1 laukur
- 200 g sveppir
- 6 msk. tómatsósa
- 1 dl vatn
- 3 dl rjómi (best að nota eka rjóma)
- Svartur pipar
- 2 tsk. paprikukrydd (má vera reykt fyrir meira bragð)
- Salt

Aðferð:

Laukurinn er skorinn í smátt og sveppirnir í sneiðar.

Skvettu af olíu og góð klípa af smjöri sett á pönnu ásamt lauknum og sveppunum og látið malla við vægan hita þar til laukurinn er mjúkur.

Takið svo laukinn og sveppina af pönnunni og setjið í pott.

Smjörklípu og olíu er bætt aftur á pönnuna og kjötið brúnað við háan hita. Kryddað með nýmöluðum svörtum pipar.

Kjötinu er svo bætt í pottinn ásamt vatni, tómatsósu og paprikukryddi.

Hrærið vel saman meðan hitað er að suðu.

Þá er rjómanum bætt út í og

hrært í af og til þar til suðan kemur upp aftur.

Svo er þetta látið malla við vægan hita þar til sósan hefur þykknað og tekið á sig dökkrauðan lit. (30–40 mín. jafnvel lengur)

Smakkað til með salti og pipar í lokin.

Með þessum rétti finnst mér nauðsynlegt að hafa kartöflumús. Einnig er gott að hafa hvítlauksbrauð og ferskt salat.

Kartöflumús:

Passlegur skammtur af kartöflum soðinn í potti og afhýddur.

Góð smjörklípa brædd í potti og kartöflurnar stappaðar saman við.

Mjólk er svo bætt í pottinn, meðan hrært er, þar til mýslan nær heppilegri þykkt og hitastigi.

Smakkað til með salti, pipar og smá sykri.

Eins og ég er mikið fyrir mat þá er ég virkilega lítið spenntur fyrir eftirrættum. Ég mæli með rjúkandi heitum kaffibolla í eftirrætt. Fyrir þá sem eru ekki mikið fyrir hita má einnig skella í sig einum ísköldum.

Ég ætla að skora á Þorbjörn Jónsson að deila einhverju gírnilegu með okkur í næsta blaði. Hann hefur mikinn matreiðslulosta og er óhræddur við að deila sníld sinni í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjórn: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.

Blaðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónsson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Það er stundum ísnum á,
oft ég glötuð harma fer,
í það skyttan fugl vill fá,
fiskur á það dreginn hér.

Svar við gátu í blaði 2481: NET.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

www.dfs.is/atvinna/



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

LÝKUR UM HELGINA

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR



MÁLNING
25% AFSLÁTTUR



POTTAPLÖNTUR
20-50% AFSLÁTTUR



RAFMAGNSVERKFÆRI
30-35% AFSLÁTTUR



PARKET OG FLÍSAR
20-40% AFSLÁTTUR



**BLÖNDUNAR- OG
HREINLÆTISTÆKI**
25-35% AFSLÁTTUR



HANDVERKFÆRI
25-35% AFSLÁTTUR



**ÚTIVISTAR OG
VINNUFATNAÐUR**
25-40% AFSLÁTTUR



HILLUREKKAR (AVASCO)
25% AFSLÁTTUR

GJAFAVARA 25% • LUKTIR OG VASAR 25% • PHILIPS LJÓS OG PERUR (GILDIR EKKI AF HUE) 25% • HÁÞRÝSTIDÆLUR 25%
VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • BOX OG KÖRFUR 25% • RYKSUGUR (ELECTROLUX) 20-30% • HILLUEFNI (TILBÚÐ) 25%
INNIHURÐIR (Á LAGER) 30% • STRAUJÁRN OG STRAUBORÐ 20-40% • POTTAR OG PÖNNUR 20-30% • MATVINNSLUVÉLAR 25%
GLÖS OG DISKAR 30-50% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • ÞVOTTAVÉLAR, OFNAR, HELLUBORÐ (VALDAR VÖRUR) 15-40%
BÖKUNARVÖRUR 20% MOPPUR OG KÚSTAR 25% ... OG FLEIRA

+

Kærleiksrika

Laufey Guðmundsdóttir
Egilsstaðakoti



verður jarðsöngin frá Selfosskirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13:00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Fossheima, Selfossi.

Helga Elín
Sigurbjörg
Guðsteinn Frosti
Einar

Halldór
Árni
Kristín
Elín Bjarnveig
og fjölskyldur

+

Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru

Sigurbjargar Geirsdóttur
Stóru-Reykjum,



sem lést 18. desember 2018 og var jarðsöngin 4. janúar 2019 frá Selfosskirkju. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Árbliks, Vinaminnis og Fossheima fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

Kærleikskveðjur,

María Hauksdóttir
Margrét Hauksdóttir
Gerður Hauksdóttir
Gísli Hauksson
Vigdís Hauksdóttir
Hródný H. Hauksdóttir

Ólafur Kristjánsson
Guðni Ágústsson
Jónína Einarsdóttir
Jónína Einarsdóttir
Hróbjartur Ö. Eyjólfsson

og fjölskyldur

SÚPERBYGG


LEITUM AÐ GÓÐUM
TRÉSMÍÐUM EÐA MÖNNUM
VÖNUM BYGGINGARVINNU

UPPLÝSINGAR GEFUR
STEINAR ÁRNASON Í SÍMA 845 1500



Gaman í
garðinum

KOSTIR OG KRÖFUR



Larung Gar, Tibet: David Hand

Nú þegar jörð má heita laus við frost og jarðvegsframkvæmdir vel mögulegar, verður mér hugsað til þess þegar vorklipping trjágróðurs var að mestu afstaðnar og garðeigendur fóru að óska eftir skipulagi lóða sinna, þ.e. á sama tíma og garðyrkjumenn voru að hefja jarðvegsframkvæmdir. Þá var oft búið að vera lítið að gera í nokkra mánuði á undan.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru oft lagðar fram um áramót og í framhaldi af því lýkur hönnunarvinnu. Ég er á því að áætlun um framkvæmdir og garðskipulag geti lífgað upp á og jafnvel stýtt mesta skammdegði fyrir garðeigendur. Að framkvæmdum loknum tekur viðhaldið við. Mörgum láist að sjá það fyr-

ir í raunhæfu ljósi. Þar vil ég meina að hönnun og aðkoma fagmanna geti sparað fjármuni, fyrirhöfn og viðhald.

Fyrir kemur að viðhaldi er ekki sinnt fyrr en vandinn er kominn upp og þá gjarnan með auknum tilkostnaði. Það á við bæði heima í garðinum hjá okkur sjálfum og eins hjá sveitarfélögum.

Á liðnu ári lagði byggingarverkfræðingurinn Sigurður A. Þorvarðarson fram spurninguna „Hvað kosta úthverfi“ á fréttamiðlinum Kjarnanum.

Eins og ég skildi hann, þá var „úthverfaskipulag“ ekki til fyrr en á síðustu öld. Viðhald er gjarnan í lágmarki fyrstu 30 árin, en þá er þörfin gjarnan orðin mjög brýn og jafnvel umfram fjárhagslega burði. Næstu 30 árin er staðan svipuð, þ.e. að ekki næst að sinna viðhaldi fyrr en vandinn er kominn upp. Í framhaldi af þessum vangaveltum varpaði hann fram þeirri spurningu, hvort aðrar leiðir væru mögulega hagkvæmari en „úthverfaskipulagið“?

Mér finnst vert að skoða þetta mjög alvarlega. Það er nefnilega þannig að auknum kröfum fylgir alltaf einhver kostnaður! Sá aðili sem setur kröfuna fram, er sér ekki alltaf meðvitaður um að það muni einnig hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir hann sjálfan.

Bæði réttindi, skyldur og kvaðir eru gjarnan aðrar í „frístundabyggðum“ en í úthverfum þéttbýlis! - Er það eitthvað til að skoða betur? Hvaða leiðir henta betur?

Margir telja skort á viðhaldi vera vegna skorts á fjármagni, þ.e. að bæði ending og endingartími mannvirkja hafi verið vanmetinn. Meint vöntun á viðhaldi getur líka verið vegna okkar eigin krafna sem við setjum sjálf fram!

Getur verið að við ætlum kostnaðinum að falla á aðra en okkur sjálf? Þeim sem ætla að er að uppfylla kröfurnar er gjarnan sama fyrirbærið og við erum hluti af, sami hópur einstaklinga, svo sem samfélagið sem við búum í eða sveitarfélagið okkar!

Í upphafi ársins og yfir seinni hluta skammdegisins er gott að ylja sér við skipulag lóðaframkvæmda næsta sumars. Ég er eindreginn fylgismaður þess að hafa tal af garðyrkjumönnum áður en mesti annatími þeirra, og sá tími sem er fastbundinn ártíð, hefst.

Það er mikið hagræði af því að nýta vetrartímann í að skipuleggja, en sumarið í framkvæmdirnar sjálfar.

Nánari upplýsingar: 892-7709 og benni@sjalfbær.com.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps
vill landvörð allt árið í Fjaðrárgljúfri



Fjaðrárgljúfur. Mynd: klaustur.is.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur samþykkt yfirlýsingu þar sem hún harmar þá ákvörðun Umhverfisstofnunar að hafa ekki starfandi landvörð við Fjaðrárgljúfur frá áramótum 2018 og fram á sumar. Í bókun á fundi sveitarstjórnar kemur fram: „Eftir reynslu frá síðast-

liðnum vetri er ljóst að svæðið þolir ekki þann gestafjölda sem þarna er án þess að landvörður sé á svæðinu til að upplýsa gesti og stýra umferð.“

Rétt er að benda á að Umhverfisstofnun hefur lokað Fjaðrárgljúfri frá og með 8. janúar sl. og áætlað að opna eftir

tvær vikur. Í tilkynningu UST kemur fram að lokað sé vegna þess að: „Mikið álag er á svæðinu við Fjaðrárgljúfur og hætta á umtalsverðum skemmdum á gróðri meðfram göngustígum vegna ágangs ferðamanna.“

Tekið er fram í fundargerðinni að lokunin hafi átt sér stað viku eftir að svæðið hafi verið skilið eftir án landvörslu. „Það verður lokað þangað til jarðvegurinn þornar, sem sýnir þá miklu þörf sem er á stöðugri landvörslu á svæðinu.“ Jafnframt segir: „Þessi umgengni við náttúruna er óásættanleg með öllu. Sveitarstjórn krefst þess að Umhverfisstofnun haldi úti landvörslu alla daga, allt árið, eins og sýnt er að þörf er á. Sveitarstjóra er falið að senda bókunina á viðeigandi aðila.“

-gpp



ALMENN AFGREIÐSLA Á OLÍS SELFOSSI

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini, vörumóttöku, áfyllingar, tiltekt, þrif og annað tilfallandi.

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er æskileg
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri

STARFSMAÐUR Á GRILL 66 SELFOSSI

Í starfinu felst aðallega matreiðsla á okkar vinsælu hamborgurum en einnig móttaka og umsjón með hráefni, almenn afgreiðsla, þrif og annað tilfallandi. *Unnið er á 12 tíma tvískiptum vöktum.*

Hæfniskröfur

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af matreiðslu og veitingasölu er æskileg
- Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 25 ára aldri

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um stærfin.

Umsóknir á olis.is. Umsóknarfrestur til og með 27. jan.
Nánari upplýsingar hjá verslunarstjóra á staðnum.

VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á LÍFLEGAN VINNUSTAÐ



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefningar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn

Hagyrðingakvöld Búrfells

Kiwanisklúbburinn Búrfell heldur hagyrðingakvöld:

Fimmtudaginn 17. janúar kl. 20 á Hótel Selfossi.

Þátttakendur á kvöldinu eru: Gylfi Þorkelsson, Birgir Hartmannsson, Guðmundur Stefánsson, Hjörtur Benediktsson og Sigurjón V. Jónsson.

Aðgangseyrir 2000 kr. Allur ágóði rennur til fimleikadeildar Selfoss. Enginn posi er á staðnum.



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2019

Samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 þarf að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning til sveitarfélaga.

Almennan húsnæðisstuðning skal sækja um til **Íbúðalánasjóðs á vefsíðunni husbot.is.**

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustu Árborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2019 vegna 15 – 17 ára ungmenna

Foreldrum og/eða forsjáraðilum 15 - 17 ára ungmenna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgöörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili er bent á að endurnýja þarf umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning í janúar.

Með umsókninni þarf að fylgja húsaleigusamningur og staðfesting skóla á námi barns.

Athugið:

Umsókn skal hafa borist félagsþjónustu Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, eigi síðar en 20. janúar 2019.

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri.

Breytt landslag í sorpmálum á Suðurlandi kallar á ítarlegri flokkun

Miklar vendingar eru framundan í sorpmálum Sunnlendinga á næstu misserum. Ástæða þess er að SORPA bs. hefur tekið ákvörðun um að hætta móttöku á sorpi frá Suðurlandi. Ástæður þessarar ákvörðunar má rekja til þess að ekki hefur tekist að finna urðunarstað á Suðurlandi sem myndi þjóna Sunnlendingum og SORPU fyrir afsetningu óendurvinnans úrgangs. Eins og fram kom nú í haust hafnaði Sveitarfélagið Ölfus að opnaður yrði urðunarstaður í landi Nessands. Horft hafði verið til þess frá 2009 að opna urðunarstað á svæðinu, en sveitarfélagið lagðist gegn þeim áformum eftir íbúafund sem haldinn var um málið. Sorpstöð Suðurlands, byggðarsamlag sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum, sér um sorpmál á svæðinu og hefur umsjón með að finna þessum málum farveg.

Útflutningur ein af þeim lausnum sem horft er til

Jón Valgeirsson, formaður stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, segir að heilmikil vinna hafi farið fram innan SOS til að leysa úrgangsmálin. „Við erum núna í viðræðum við SORPU bs. að framlengja samning, tímabundið, meðan við erum að leysa úr okkar málum. Þá eru einhverjir aðrir möguleikar í gangi en verið er að kanna með það. Meðal annars er verið að senda erindi á aðra urðunarstaði um tímabunda urðun. Þar er sérstaklega verið að kanna málin hjá Sorpstöð Rangæinga, Sorpsamlaginu Hulu á Skógarsandi, Sveitarfélaginu Ölfusi vegna Kirkjuferjuháleigu, ef vera mætti að hægt væri að leysa hluta málsins á þessum stöðum. Þá hafa verið send erindi til Fíflholts og Stekkjarvíkur um tímabundna urðun.“

Nú hefur Sorpstöð Suðurlands auglýst eftir landi undir urðunarstað, hvernig gengur það?

„Það er ekki hægt að segja að margir hafi hringt, en einhverjar fyrirsurnir. Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur, hefur verið að aðstoða okkur með lausnir og eitt af þeim málum sem eru á hans könnu er að kanna möguleika á urðunarstöðum. Rétt er að taka fram að sá úrgangur sem yrði urðaður á slíkum stað væri án lífrænna efna og annarra þátta sem skapa fokahtættu og lykt. Þetta yrði í engu líkt því sem menn þekktu hér fyrir á árum þegar öllu var sópað ofan í opnar grafir óunnu.“

Hvað með útflutning á úrgangi?

„Við höfum verið að horfa til þess. Það er einn af möguleikum í stöðunni. Þar sem enginn urðunarstaður er á Suðurlandi og urðunarstaðir í öðrum lands-

hlutum að mestu fullnýttir, varð niðurstaðan sú að útflutningur á þessum hluta úrgangsins væri vænlegasti kosturinn, þrátt fyrir kostnaðarauka sem því fylgir. Að því gefnu að ekki finnst svæði hér. Nægur markaður er fyrir orkuríkan úrgang í sorporkustöðvum í Evrópu, en brennsla í slíkum stöðvum hefur það fram yfir urðun að orkan úr úrganginum nýtist og kemur í stað orku úr jarðefnaeldsneyti. Athuganir benda til að kolefnisspor útflutningsins sé hverfandi miðað við þann ávinning sem fæst með orkunýtingunni, segir Jón.“

Mikilvægi flokkunar aldrei verið meira

Til þess að sporna við kostnaði sem myndast við urðun úrgangs er mikilvægt að auka flokkun. Ekki einungis flokkun á endurvinnanlegum hráefnum eins og pappír, plasti, málum og fernum heldur verður lögð ríkari áhersla á söfnun á lífrænum úrgangi. Hluti sveitarfélaga innan vébanda SOS eru að safna lífrænum úrgangi og hafa gert í talsverðan tíma, eins og Hveragerði og Flóahreppur. Önnur þurfa lengri



tíma til að koma lífrænni flokkun af stað. Í Hrunamannahreppi er áætlað að lífræn söfnun hefjist innan skamms. Heilt yfir lítur út fyrir að öll sveitarfélög innan SOS verði farin að flokka lífrænan úrgang um mitt þetta ár. Dagskráin hafði samband við Stefán Gíslason, umhverfisfræðing hjá Environice, og innti hann eftir því hvers vegna mikilvægt væri að flokka. „Flokkun er mikilvæg hvort sem maður lítur á málið í umhverfislegu, fjárhagslegu eða lagalegu, samhengi. Í fyrsta lagi þurfum við að nýta auðlindirnar okkar sem best svo að þær endist mannkyninu sem lengst. Í öðru lagi er förgun úrgangs dýrari en aðrir kostir og sá kostnaður mun fyrirsjáanlega aukast á næstu árum. Og í þriðja lagi þurfa sveitarfélög að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur um endurvinnsluhlutfall og þeim kröfum er ekki hægt að mæta án aukinnar flokkunar. Og svo er úrgangur ekki bara úrgangur. Úrgangur


er fyrst og fremst vara sem okkur hefur mistekist að nýta nógu vel. Og mest af þessari vöru keyptum við fyrir peninga, sem við fengum í skiptum fyrir vinnu, eða í raun og veru í skiptum fyrir hluta af tímanum sem við fengum í vöggugjöf.“

Verðmæti liggja í lífrænum úrgangi

„Flokkun og endurvinnsla lífræns úrgangs er sérstaklega mikilvæg, bæði til að losna við vandamál sem fylgja alltaf förgun á lífrænum úrgangi og líka til að nýta verðmætin sem liggja í úrganginum. Ef úrgangurinn sem við höfum verið að urða síðustu ár hefði verið laus við lífrænar leifar, þá hefðum við líka losnað að mestu við flest þau óþægindi sem fólk tengir helst við urðunarstaði, svo sem vonda lykt, vatnsmengun, ásókn máva og annarra dýra, eldhættu og losun metans út í andrúmsloftið. Úr lífrænum úrgangi er líka hægt að vinna moltu eða jarðvegsbæti, sem Íslendinga sárvantar. Landið okkar hefur verið að blása upp áratugum og öldum saman. Sú staða væri allt öðruvísi og miklu betri ef við hefðum borið gæfu til að vinna jarðvegsbæti úr lífrænum úrgangi og skila honum aftur til landsins. Í lífrænum úrgangi er líka fosfór sem er bráðnauðsynlegur öllu lífi, bæði sem næring fyrir gróðurinn og fyrir bein og aðra vefi líkamans. Nýtanlegur fosfór á jörðinni mun ganga til þurrðar á næstu öldum ef við höldum áfram að henda öllum fosfórafögnum sem á vegi okkar verða.“

Besta leiðin að koma í veg fyrir myndun úrgangs

„Urðun úrgangs ætti alltaf að vera neyðarúrræði sem aldrei er beitt fyrr en allar aðrar betri leiðir hafa verið reyndar. Besta leiðin er náttúrulega að koma í veg fyrir að úrgangur myndist, t.d. með því að kaupa ekkert sem ekki er bráðnauðsynlegt og með því að sjá til þess að hlutirnir haldist sem lengst í notkun í stað þess að verða að úrgangi. Allan úrgang sem fellur til þarf að flokka strax áður en hann mengast af öðrum úrgangsefnum. Góð flokkun er forsenda þess að hægt sé að nýta efnið til endurvinnslu. Þrátt fyrir góðan vilja endar þetta þó alltaf með því að einhverju þarf að farga. Þá er langskásti kosturinn að brenna það og nýta orkuna sem þannig losnar til upphitunar og rafmagnsframleiðslu, rétt eins og gert er í sorporkustöðvum í Evrópu. Með því að urða úrgang er bæði verið að kasta efni og orku á glæ. Þess vegna á urðun að vera neyðarúrræði, en flokkun forgangsmál.“ -gpp



 DOMINOS.IS  DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Sex Selfyssingar á heimsmeistaramótinu



Elvar Örn átti mjög góðan leik gegn Króötum þar sem hann skoraði fimm mörk og gaf þrjár stoðsendingar auk þess að vera með sjö löglegar stöðvanir í vörninni. Ljósmynd: Fréttablaðið/AFP.

HANDBOLTI Sex Selfyssingar eru þátttakendur í heimsmeistaramótinu sem fram fer í Þýskalandi og Danmörku nú í janúar. Fimm Selfyssingar eru í leikmannahópi íslenska landsliðsins. Ljóst var fyrir nokkru að Ómar Ingi Magnússon og Elvar Örn Jónsson yrðu í

hópnum en á seinustu stundu var Bjarki Már Elísson kallaður inn í hópinn eftir að Guðjón Valur Sigurðsson meiddist. Þá var Teitur Örn Einarsson einnig kallaður inn í hópinn á nýjan leik í stað Rúnars Kárasonar. Efnilegasti leikmaður Íslands, Haukur Þrast-

arson, verður til taks sem sautjándi maður (fyrir utan hóp) en því miður datt Janus Daði Smáráson úr hópnum. Jón Birgir Guðmundsson verður að sjálfsögðu fulltrúi Selfoss á hliðarlínunni sem sjúkrapjálafari.

Fyrsti leikur liðsins var tapleikur gegn Króatíu á föstudag þar sem Elvar Örn átti mjög góðan leik og skoraði 5 mörk, Bjarki Már skoraði 4 og Ómar Ingi 3.

Á sunnudag áttu strákarnir í höggi við Spánverja og þrátt fyrir hetjulega baráttu tapaðist sá leikur einnig. Bjarki Már skoraði 3 mörk, Teitur Örn 2 og Ómar Ingi 1. Elvar Örn átti flestar löglegar stöðvanir Íslendinga í leiknum eða 10.

Liðið mætti lærisveinum Arons Kristjánssonar frá Barein á mánudag og á miðvikudag átti það í höggi við sveina Dags Sigurðssonar frá Japan. Riðlakeppninni lýkur á fimmtudag þegar liðið etur kappi við Makedóníu. esó/gj

Skellur fyrir norðan

HANDBOLTI Olís-deild kvenna rúllaði af stað aftur í seinustu viku eftir landsleikja- og jólafrí. Ekki gekk nógu vel hjá stelpunum okkar fyrir áramót þar sem þær verma neðsta sæti deildarinnar með 4 stig. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að nóg er eftir af mótinu og stutt er í næstu lið.

Fyrsti leikur Selfyssinga eftir áramót var á Akureyri þar sem þær mættu KA/Þór. Okkar stelpur áttu við ramman reip að draga og fór svo að heimakonur unnu leikinn 33-22. Perla Ruth var markahæst með 6 mörk, Hulda Dís skoraði 5, Ída Bjarklind og Harpa Sólveig 3, Elín Krista og Sarah Boye 2 og Katla María 1. Katrín Ósk varði 10 skot.

Selfoss er því áfram í botnsæti Olís-deildarinnar með 4 stig eftir 11 umferðir.

Í næstu umferð tókum við á móti Valsstúlkum í Hleðsluhöllinni föstudaginn 18. janúar klukkan 19:30. Nú þurfa stelpurnar á stuðningi okkar að halda til þess að berjast fyrir áframhaldandi sæti í deildinni.

esó/gj

Íþróttaskólinn hefst á sunnudaginn

FIMLEIKAR Ný námskeið í íþróttaskóla barnanna hefst sunnudaginn 20. janúar og er skráning í fullum gangi. Námskeiðin fara fram í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla, á sunnudagsmorgnum til 28. apríl. Umsjónarmenn íþróttaskólans eru Berglind Elíasdóttir, íþróttakennari og Unnur Þórisdóttir, nemi í sjúkrapjálfun ásamt aðstoðarpjálfurum.



Æfingatímar eru eftirfarandi:

Kl. 9:30-10:20: Hópur 1 fyrir börn fædd 2016-2018.

Kl. 10:30-11:20: Hópur 2 fyrir börn fædd 2014-2016.

Kl. 11:30-12:20: Hópur 3 fyrir börn fædd 2013-2015.

Aldursskiptingin skarast og velja foreldrar þann hóp sem hentar þeirra barni best, með það í huga að hóparnir eru mismikrefjandi. Námskeiðið kostar 15.500 kr. og fer skráning fram í gegnum skráningar- og greiðslukerfið Nóra á slóðinni selfoss.felog.is.

Góð þátttaka á HSK-mótinu

JÚDÓ Þann 8. desember sl. var HSK-mót fyrir 11 ára og yngri í júdó haldið í Sandvíkursalnum á Selfossi. Keppt var í aldursflokkeum og var keppendum einnig skipt í þyngdarflokka.



F.v.: Arnar Kári Erlendsson, Guðjón Kjartansson og Jón Veigar Stefánsson.



F.v.: Aron Logi Daníelsson, Davíð Bogi Sigmundsson, Karen Guðnadóttir, Daníel Karl Andra-son og Óskar Guðbjörnsson.



F.v.: Guðmundur Atlas Kjartansson, Airingas Jezerskas og Ottó Loki Ólafsson.



F.v.: Gunnar Elí Friðriksson, Haukur Harðarson, Valur Harðarson og Steinn Elías Jónsson.



F.v.: Dómalld Gunnar Daníelsson, Jóhann Viðar Ingvason, Hlynur Davíðsson, Amelía Ósk Tryggvadóttir og Jón Björgvin Gestsson.



F.v.: Bryntýr Orri Gunnars-son, Hrafn Óli Larsen, Alex Krystian Graczyk og Dorian Axel Wankowicz.



F.v.: Maris Óskar Leonovs, Þorbjörn Sturluson, Hróar Indriði Dagbjartsson og Snorri Steinn Guðnason.



F.v.: Thomas Lárus Jónsson, Jón Egill Birnison og Ásgrímur Hrafn Arnarsson.

Frjálsíþróttadeild Selfoss hlaut hvatningarverðlaun Árborgar



UMF. SELFLOSS Frjálsíþróttadeild UMF. Selfoss hlaut hvatningarverðlaun íþrótt- og menningarnefndar Sveitarfélagsins Árborgar (ÍMÁ) fyrir afar öflugt starf á undanförunum árum. Þetta var tilkynnt á verðlaunahátíð ÍMÁ milli jóla og nýárs. Guðbjörg Jónsdóttir, formaður ÍMÁ, afhenti Helga S. Haraldssyni, formanni deildarinnar viðurkenninguna. Ljósmynd af heimasíðu Árborgar.

Toyota Selfossi styrkir handboltann



HANDBOLTI Toyota Selfossi hefur endurnýjað styrktarsamning sinn við handknattleiksdeild Selfoss en Toyota hefur verið dyggur styrktaraðili deildarinnar á undanförunum árum. Þeir Haukur Baldvinsson (t.v.) framkvæmdarstjóri Toyota Selfossi og Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildarinnar skrifuðu undir samninginn á dögum í húsakynnum Toyota. Ljósmynd: UMF. Selfoss.

Margir keppendur voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu sig allir með mikilli þrýði.

Æfingar í júdó eru komnar á fullt eftir áramót og enn eru laus pláss á öll námskeið hjá deildinni.

Ljósmyndir: UMF. Selfoss/Einar Ottó.

Selfoss vann Unglingamót HSK með yfirburðum

SUND Unglingamót HSK í sundi fór fram í Sundhöll Selfoss á dögnum. Þrjú félög sendu keppendur til leiks, Selfoss, Hamar og Dímon.

Óvenju góð þátttaka var í flokkum 10 ára og yngri, en 35 krakkar tóku þátt. Í þeim aldursflokki fengu allir jafna viðurkenningu, en í flokkum 11 ára og eldri var keppt um gull, silfur og brons.

Umf. Selfoss hafði mikla yfirburði í stigakeppni félaga og hlaut samtals 132 stig. Hamar varð í öðru sæti með 25 stig og Dímon varð í því þriðja með 5 stig.

Sem fyrr var veittur svokallaður bætingabikar, en hann hlýtur sá keppandi sem bætir sig mest frá síðasta unglíngamóti. Sólís Ósk Baldvinsdóttir Umf. Selfoss fékk bikarinn, en hún synti 50



Sigurlið Umf. Selfoss ásamt þjálfurum sínum, Guggu og Magga.

metra baksund á 1:26,22 mín. og Heildarúrslit og fleiri myndir má sjá á www.hsk.is.
bætti sig um 34,6 sek.



Sólís Ósk Baldvinsdóttir með bætingabikarinn.



Ástrún Birta Atladóttir, Hallgerður Höskuldsdóttir og Guðbjörg Lís Guðmundsdóttir.



Guðjón Árnason, Sólmundur Gautason og Tómas Örn Harðarson.

Kristján Már og Gunnlaugur HSK-meistarar í bridds

BRIDDS HSK-tvímennigurinn í bridds fór fram í Selinu á Selfossi fimmtudaginn 3. janúar síðastliðinn með þátttöku 17 para.

Spiluð voru 40 spil. Eftir þessi 40 spil stóðu uppi sem sigurvegarar þeir Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson með 63,3 stig. Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson urðu í öðru sæti með 62,9 stig. Björn Snorrason og Pálmi Kristmanns-



1. sæti: Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson.



2. sæti: Helgi Hermannsson og Brynjólfur Gestsson.



3. sæti: Björn Snorrason og Pálmi Kristmannsson.

son náðu bronsinu með 56,6 stig eftir hörku keppni við Sigurð Skagfjörð og Þorgils Torfa Jónsson, en þeir enduðu í fjórða sæti. Lokastöðuna má sjá á heimasíðu HSK, www.hsk.is.

Samtals voru 164 HSK-met sett á síðasta ári

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Líkt og undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri HSK uppfært metaskrár HSK í frjálsíþróttum í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss. Einnig var afrekaskrá fyrir fatlaða uppfærð.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja voru samtals 164 HSK-met sett á síðasta ári. Fatlaðir settu eitt met, keppendur 11–22 ára settu 107 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu 15 met og keppendur í öldungaflokkum settu 41 met. Nokkur þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Umf. Heklu og keppandi í 15 ára flokki setti flest HSK-met á árinu. Hann setti 30 einstaklings HSK-met á árinu og setti auk þess sjö boðhlaupsmet



Sindri Freyr og Dagur Fannar settu flest HSK-met á árinu, Sindri 37 met og Dagur 30 met.

með félögum sinnum, eða samtals 37 met.

Dagur Fannar Einarsson Selfossi, keppandi í 16–17 ára flokki, kom næstur með 30 met. Hann setti 11 einstaklings HSK-met og setti auk þess 11 boðhlaupsmet með félögum sínum.

Eva María Baldursdóttir Selfossi, sem keppti í 15 ára flokki,

setti samtals 14 HSK-met á árinu.

Thelma Björk Einarsdóttir Selfossi, keppandi í 20–22 ára flokki, setti flest HSK-met í fullorðinsflokki, en hún setti fimm met í kvennaflokki og níu met að auki í sínum aldursflokki.

Sigmundur Stefánsson, keppandi í Bjótanda, setti flest met í öldungaflokkum, en hann setti 11 met á árinu í flokki 70–74 ára. Næstur kom Yngvi Karl Jónsson Garpi með 10 met í flokki 55–59 ára.

Hulda Sigurjónsdóttir Suðra var sú eina sem setti HSK-met í flokkum fatlaðra á árinu, en hún bætti metið í sleggjukasti í flokki F20.

HSK-metaskrár, þar sem einnig má sjá yfirlit allra HSK-meta sem sett voru á síðasta ári, má nálgast á vef HSK, www.hsk.is. eo

UMF
SELFLOSS
1936

OLÍS-DEILD KVENNA
HEIMALEIKUR:
Valur
FÖSTUDAGINN 18. JAN. KL. 19:30
HLEDSLHÖLLINNI SELFLOSSI

82,2%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku

Skrifstofuskólinn á Suðurlandi

Dreifnám á vorönn 2019
hjá Fræðslunetinu
um allt Suðurland
Skrifstofuskólinn
240 stundir

Skrifstofuskólinn er námsbraut fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði

Áhersla á hagnýt viðfangsefni

Helstu námsþættir:

- Tölvubókhalld
- Bókhalld
- Verslunarreikningur
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Samskipti og þjónusta
- Lokaverkefni

Námið hefst í febrúar og lýkur í maí 2019
Innrifun er hafin!
Nánari upplýsingar á fraedslunet.is

Einnig í síma 560 2030 eða á netfanginu: dyrfinna@fraedslunet.is
Verð: 54.000*

*Athugið styrki starfsmenntasjóða.

FRÆDSLUNETIÐ - símenntun á Suðurlandi
Fjölheimum | Tryggvagötu 13 800 Selfoss | sími 560 2030

82% Sunnlendinga
lesa Dagskrána í hverri viku



*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | auglysingar@dfs.is



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárbíngi eystra

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst til kynningar eftirfarandi lýsing aðalskipulagsbreytingar í Rangárbíngi eystra.

Útskák – Aðalskipulagsbreyting

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun á núverandi frístundabyggð (F-353 Hellishólar) úr 10,0 ha. í 13,7 ha., eða um 3,7 ha. Auk þess er um 0,45 ha. landskika breytt úr frístundabyggð (F) í landbúnaðarsvæði (L). Norðurhluti hinnar breyttu frístundabyggðar er landspildan Útskák, 5,8 ha. úr landi Kirkjulækjarkots.

Ofangreind tillaga að breytingum á aðalskipulagi Rangárbíngs eystra verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 16. janúar 2019, kl. 13:00-15:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárbíngs eystra, www.hvolsvollur.is.

F.h. Rangárbíngs eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
fulltrúi skipulags- og byggingarmála

**Hjónaball
Gaulverja**



Dustið rykið af danssskónum!

Árlegt hjónaball í Félagslundi verður haldið laugardagskvöldið 26. janúar 2019. Skemmtiatriði í boði nefndarinnar, ljúffengur þorramatur frá Veislupjónustu Kjötbúðarinnar og hljómsveitin Bandmenn mun halda uppi fjörinu fram eftir nóttu.

Húsið opnað kl. 20 - Borðhald hefst kl. 20:30

Miðapantanir frá 15. - 22. janúar 2019.

Alma í Hraunholti - 695 8526 / alma.oddsdottir@gmail.com
Hildur í Efri-Gegnishólum - 848 1157
Rúna í Hólshúsum - 868 3259

Miðaverð er 8000 kr. (2000 kr. eftir kl. 23)

Fimmtíu og fjögur góð ár í prentinu að baki

Valdimar Bragason prentsmiður hjá Prentmeti Suðurlands á Selfossi lét af störfum í desember síðastliðnum en hann varð sjötugur á árinu. Valdimar hóf nám í prentun hjá Prentsmiðju Suðurlands haustið 1964 og því spannar starfsferillinn rúm 54 ár.

Valdimar fæddist í Reykjavík en fluttist 5 ára gamall í Hveragerði og bjó þar í tæp tíu ár. Þegar skyldunámi lauk 1963 fluttist hann á Selfoss og hefur búið þar allar götur síðan.

Í viðtali við Valdimar, sem birtist í Dagskránni í tilefni 50 ára starfsafmælisins fyrir fjórum árum, segir hann frá því að hann hafi séð auglýsingu í Ólabúð á Selfossi þar sem auglýst var eftir nema í prentun í Prentsmiðju Suðurlands. Hann sótti um og var ráðinn. Fyrst var hann á reynslutíma, en síðan var undirritaður námssamningur dagsettur 15. nóvember 1964. „Ég tók fyrsta bekkinn í Iðnskólunum á Selfossi en næstu þrjá bekkir í Reykjavík í fagdeildinni við Iðnskólann“, segir Valdi í viðtalinu.

Valdi ræðir aðeins í viðtalinu um prentið eins og það var á þessum tíma. Þar segir hann m.a.: „Á þessum árum var allt öðruvísi umhorfs í prentinu heldur en er í dag, allt unnið í blýi og miklu svífaseinna. Þetta var gjörólikur heimur því sem er í dag. Á þessum 50 árum hef ég gengið í gegnum allar þessar breytingar, úr blýinu, sem hafði verið prentaðferðin í 500 ár allt frá því er Gutenberg fann upp prenttæknina, þangað til farið er yfir í pappírumbrot og síðan í tölvurnar, skref fyrir skref. Nú fer þetta allt orðið fram í tölvum á skjá þar sem maður situr við hin ýmsu forrit og ýtir bara á takka og þar með fer verkið í prentun. Aður fyrr þurfti mörg handtök áður en hægt var að



Valdimar ásamt Ingibjörgu Steinunni og Guðmundi Ragnari, eigendum Prentnets. Mynd: GPP.

prenta það sem setjarinn skilaði af sér. Þá var heilmikið ferli áður en verkið var tilbúið til prentunar. Þetta hefur breyst alveg óhemju mikið. Með blýinu fóru prentplötur að ryðja sér meira og meira til rúms en það var bæði dýrt og óþjálmt að eiga við þannig að þegar það fór svo yfir í pappírumbrotið varð strax mikil breyting og svo enn aftur þegar farið var yfir í tölvuumbrotið.“

Valdimar hefur fylgt Dagskránni alveg frá upphafi, en fyrsta tölublaðið kom út í febrúar 1968. Um það segir hann í viðtalinu: „Þá var flóð í Ölfusá, man ég, og mikil tilhlökkun að gefa út Dagskrána. Þá var nefnilega sjónvarpið nýkomið hingað á Selfoss og því þurftu allir að vita hvað væri í sjónvarpinu, hvernig dagskráin væri. Dagskrá sjónvarpsins var þannig kveikjan að þessu. Með því fylgdu auglýsingar og svo fóru að koma tilkynningar og smá fréttir til uppfyllingar“. Valdi segir að blaðið hafi þróast hægt og rólega. Fyrst hafi Dagskráin verið í litlu A5 broti, nokkrar síður, eftir því hvað auglýsingarnar voru margar. Síðan hafi það þróast áfram með nýrri prenttækni og því vaxið fiskur um hrygg.

Í yfir fimmtíu ár hefur Valdi meira og minna starfað í prentsmiðjunni á Selfossi. Það hafa orðið eigendaskipti hjá Prent-

smiðjunni en hann segist bara alltaf hafa fylgt með eins og hluti af innréttunum. „Það er bara þakkaefni að hafa fengið að upplifa það allan tímann að fá að vera á einum og sama stað í vinnu. Mér líkar starfið vel og það þýðir þá líka hitt að þá hefur vinnuveitendunum ekki líkað mjög illa við starfskraftinn“, segir Valdi í viðtalinu.

Í gegnum tíðina hefur Valdimar fengið við ýmislegt utan vinnunnar. Má þar nefna skógrækt, ásamt eiginkonu sinni Hafðísi Marvinsdóttur, í sumarbústaðarlandi fjölskyldunnar á Miðhúsum í Gnúpverjahreppi og í garðinum við Heiðarveg á Selfossi. Hann var um tíma virkur í JC-hreyfingunni og hefur um árabíl sungið í Karlaór Selfoss. Hann var einnig með þætti í útvarpi bæði hjá svæðisútvarpi Ríkisútvarpsins og Útvarpi Suðurlands. Þá hætti Valdimar um áramótin sem aðstoðarkirkjuvörður hjá Selfosskirkju, en því starfi sinnti hann í tæp tuttugu ár.

Starfsfólk Dagskrárinnar og Prentnets þakkar Valdimar fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í því sem hann nú tekur sér fyrir hendur.

Örn Guðnason,
ritstjóri Dagskrárinnar.

Selfossþorrablótíð í íþróttahúsi Vallaskóla 26. janúar

Laugardagskvöldið 26. janúar l.k. verður hið árlega Selfossþorrablót haldið í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi. Er þetta í 18. skipti sem blótið er haldið. Fjölbreytt dagskrá verður í boði að venju. Í ár verður sérstakt ákall til allra nýbúa á svæðinu í að mæta á blót, en blótið er kjörið tækifæri til að kynnast bæjarbúum.

Miðasala á blótið og ballíð fer fram 4.–24. janúar í Galleri Ozone Selfossi og á tix.is. Miðaverð á blótið og ballíð er 7.200 kr. Allar nánari upplýsingar um blótið má finna á fésbók-



Hljómsveitin Brinnes frá Vestmannaeyjum leikur í fyrsta sinn á Selfossþorrablótinu.

arsíðu blótsins undir „Selfossþorrablót“.

Allir eru velkomnir á 18. Sel-

fossþorrablótíð og hvattir til að hressa upp á bæjarbraginn.



Sveitarfélagið Árborg er fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurlandi. Það varð til við sameiningu Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps árið 1998 og er því 21 árs á þessu ári. Sveitarfélagið hefur vaxið ört síðastliðin ár og telur nú tæplega 9.500 íbúa. Í Árborg er gott mannlíf. Þar er miðstöð þjónustu á Suðurlandi, góðir skólar ásamt öflugum íþrótt-, félags- og menningarlífi. Í Árborg eru þrír grunnskólar með samtals um 1.470 nemendur og fimm leikskólar með rúmlega 500 nemendur. Einn af helstu kostum sveitarfélagsins eru fjölbreyttir búsetukostir í dreifbýli, búgarðabyggð, sjávarþorp við ströndina og stórt þéttbýli.



BÆJARRITARI

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir bæjarritara. Bæjarritari verður staðgengill bæjarstjóra og viðbót við öflugt stjórnendateymi Árborgar. Staða bæjarritara hefur ekki verið mönnuð hjá Árborg hin síðustu ár og því mun nýr starfsmaður að nokkru móta starfið. Miklar breytingar standa fyrir dyrum í stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélagsins í ljósi áherslu á stafræna þróun og vegna vaxtar sveitarfélagsins. Því er leitað að skapandi og úrræðagóðum starfsmanni sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í tækni- og upplýsingamálum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með stjórnsýslu og upplýsingamálum sveitarfélagsins
- Stafræn þróun stjórnsýslu Árborgar og samskipta við íbúa sveitarfélagsins
- Ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf og stjórnsýslu
- Ábyrgð á undirbúningi mála og fundarritun fyrir bæjarráð og bæjarstjórn
- Þátttaka í stjórnun, stefnumótun og umbótastarfi
- Samskipti og upplýsingagjöf til fjölmiðla, stofnana og íbúa
- Þróun íbúalýðræðis í samstarfi við bæjarstjórn

Hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga
- Reynsla af stjórnun og upplýsingamiðlun æskileg
- Reynsla af innleiðingu upplýsingatækni æskileg
- Leiðtogaþæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Skipulagshæfni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð

VERKEFNISSTJÓRI Í ÞRÓUN SNEMMTÆKRAR ÍHLUTUNAR

Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu verkefnisstjóra í þróun snemmtækrar íhlutunar. Verkefnisstjórinn verður ráðinn til félagsþjónustu sveitarfélagsins en vinnur náið með skólum, skólaþjónustu, frístundasviði og heilsugæslu Selfoss. Á undanförunum árum hefur verið unnið að styrkingu á snemmtækri íhlutun í sveitarfélaginu en nú verður stigið enn stærra skref í þróun þverfaglegrar samvinnu. Leitast er við að grípa snemma inn í mál barna í vanda og fjölskyldna þeirra og vinna að forvörnum. Til að ná þessu fram er unnið í teyllum með áherslu á samstarf ólíkra fagstétta og stofnana. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu og þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku í eigin málum.

Starfssvið:

- Þróun snemmtækrar íhlutunar í samstarfi við fagsvið og stofnanir
- Þverfagleg teymisvinna og ráðgjöf
- Vinna með börnum, fjölskyldum og skólum
- Þróun úrræða fyrir börn og fjölskyldur í Árborg

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Réttindi sem félagsráðgjafi eða menntun á sviði félagsvísinda og/eða uppeldisfræða
- Þekking og reynsla af vinnu við snemmtæka íhlutun æskileg
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri í starfi



Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is
Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.



Sunnulækjarskóli

Staða aðstoðarforstöðumanns frístundaheimilis Sunnulaekjarskóla er laus til umsóknar

Frístundaheimilið Hólar er starfrækt frá kl. 13:00 til 16:30 alla virka daga. Starf aðstoðarforstöðumanns er 75% staða.

Á frístundaheimilinu eru um 175 börn. Verkefni aðstoðarforstöðumanns felast í aðstoð við forstöðumann um skipulag og framkvæmd starfsins ásamt því að starfa með öðrum starfsmönnum frístundaheimilisins. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: www.sunnulaekjarskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 27. janúar 2019.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is.



Starf forstöðumanns íþróttamannvirkja í Reykholti laust til umsóknar

Bláskógabyggð leitar að jákvæðum og dugandi einstaklingi á líflegan og skemmtilegan vinnustað. Við hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið.

Verkefni forstöðumanns felast m.a. í:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri íþróttamannvirkja.
- Að hafa umsjón með viðhaldi og rekstri tækja og búnaðar.
- Ráðningum afleysingafólks.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Uppfylli skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Búi yfir skipulags- og stjórnunarfærni.
- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og reynslu af því að umgangast börn og unglinga.
- Sé í starfi sínu hvetjandi og góð fyrirmynd.
- Hafi hreint sakavottorð.

Um er að ræða fullt starf. Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2019 en umsóknir og fyrirspurnir skulu merktar „Atvinnuumsókn“ og berast til sviðsstjóra á netfangið bjarni@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu, Reykholti, 801 Selfoss. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

„Samfélagssáttmáli um líffæragjafir“ kynntur á Selfossi



Runólfur Pálsson, læknir á Landspítala; Jórlaug Heimisdóttir, verkefnisstjóri hjá landlæknisembættinu; Sigurður Böðvarsson, læknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Sigrún Kristjánsdóttir, yfirljósmóðir á HSU.

Líta ber á lög um ætlað samþykki til líffæragjafar sem samfélagssáttmála um ákveðið viðhorf en alls ekki að allir séu skyldaðir til að gefa líffæri ef svo ber undir, sagði Runólfur Pálsson, læknir á Landspítala, á fundi með starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) 18. desember. Þau Jórlaug Heimisdóttir, verkefnisstjóri hjá landlækni, kynntu hvað fælist í breyttum lög um líffæragjafir, sem taka gildi um áramótin, og ræddu málið vítt og breitt við fundarmenn.

Meðal þátttakenda á fundinum var Sigrún Kristjánsdóttir, yfirljósmóðir á HSU. Tengdafaðir hennar, Hafsteinn Kristins-

son, stofnandi og forstjóri Kjöríss í Hveragerði, var fyrsti líffæragjafinn á Landspítala. Hann lést af völdum heilablæðingar 18. apríl 1993. Fjölskyldan tók erfiða ákvörðun á sorgarstundu fyrir hans hönd. Nánustu aðstandendur voru sammála um að það væri í anda Hafsteins að gefa líffæri til að lengja líf, bæta líf eða bjarga lífi einhverra annarra. Verðmætari gjöf verður ekki gefin.

Jórlaug og Runólfur, frum-mælendur á fundinum, lögðu ríka áherslu á að fólk ræddi líffæragjafir og skiptist á skoðunum til að viðhorf þess væru þekkt innan banda fjölskyldna. Þekkt eru dæmi um að hjón séu

ósammála um hvort börn þeirra verði líffæragjafir ef þau sem foreldrar stæðu frammi fyrir slíkum ákvörðunum. Runólfur tók skýrt fram að líffæragjafir kæmu aldrei til álita ef einhverjir aðstandendur væru andsnúir slíku: „Ef misklið er í aðstandendahópi er snarlega fallið frá hugmyndum um líffæragjafir. Við stuðlum að sjálfsögðu ekki að því að skilja við eftirlifendur í sárum eftir svona aðgerð séu þeir mjög andsnúir líffæragjöfum. Að sama skapi geta þeir úr fjölskyldum hugsanlegs líffæragjafa staðið eftir afar ósáttir með að fallið sé frá líffæragjöfum ef þeir styðja slíkt af heilum hug. Þetta getur því verið búsna snúið mál! Þess vegna er ráðlegt að ræða málín, víðra viðhorf til þess að gefa líffæri en ekki síður velta fyrir sér stöðu sem menn geta lent í ef þeir geta bjargað heilsu sinni eða jafnvel sjálfru lífinu með því að þiggja líffæri.“

Eftir áramót urðu allir landsmenn sjálfkrafa líffæragjafir, að undanskildum þeim sem skrá sig andvíga því að gefa líffæri. Þeir sem eru andvígir líffæragjöf geta skráð það sjálfir á vefnum heilsuvera.is eða fengið aðstoð lækna og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum til að skrá afstöðu sína.

Lestraráttak Ævars fyrir alla fjölskylduna



Ævar Þór Benediktsson rit-höfundur og vísindamaður með meiru heimsótti mennta- og menningarmálaráðuneytið í gær og kom færandi hendi með veggspjöld lestraráttaks síns sem nú er nýhafði. Allir nemendur í 1-10. bekk geta tekið þátt í áttakinu sem nú fer fram í fimmta

og síðasta sinn. Nýbreytni er að foreldrar og forráðamenn geta einnig verið með og sent inn sína lestrarmiða fyrir bækur sem þau lesa.

„Læsi skiptir sköpum, það er lykill að lífsgæðum okkar til framtíðar og ég fagna þessu framtaki Ævars sem hvatt hefur

þúsundir krakka til þess að lesa meira,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

„Mér finnst líka frábært að nú geti fjölskyldan tekið virkan þátt. Foreldrar eru bestu lestrarfyrirmyndir barna sinna og þetta er góð hvatning fyrir lesendur á öllum aldri til að vera dugleg að lesa á nýju ári.“

Veggspjöldin munu berast grunnskólum um land allt á næstu dögum en upplýsingar um fyrirkomulag áttaksins og lestrarmiða má finna á [heimasíðu Ævars, visindamadur.com](http://heimasíðu-Ævars.visindamadur.com). Þátttakendur í lestraráttaki Ævars hafa samtals lesið yfir 230.000 bækur á síðustu fjórum árum.

Brunavarnir Árnæssýslu hafa umsjón með eldvarnarnámi



Milli jóla og nýárs udrirruðu Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar og Pétur Pétursson slökkviliðsstj. Brunavarna Árnæssýslu samning um að Brunavarnir Árnæssýslu taki að sér gerð námsefnis og umsjón með námi eldvarnaeftirlitsmanna á Íslandi á árinu 2019. Er þetta

liður í þeirri stefnu Mannvirkjast. að útvísta ákveðnum verkefnum sem stofnunin hefur á sínum höndum og mun stofnunin í framhaldi sinna eftirlits-skyldu sinni í enn ríkari mæli hvað þetta varðar. Stofnaður verður verkefnahópur undir stjórn Brunavarna Árnæssýslu, í kringum vinnuna sem framkvæma þarf við þarfagreiningu, skipulagningu og framkvæmd við uppfærslu námsefnis eldvarnaeftirlitsmanna.

Afmælisár Kvenfélags Grímsneshrepps - 100 ár í þágu samfélagsins

Það eru mikil tímamót hjá Kvenfélagi Grímsneshrepps á árinu 2019. Félagið fagnar 100 ára afmæli sínu þann 24. apríl. Í tilefni afmælisins er ýmislegt á döfinni hjá Kvenfélaginu. Blaðamaður hitti að máli Laufeyju Guðmundsdóttur sem er formaður Kvenfélags Grímsneshrepps og forvitnaðist aðeins um starfið og hvað árið ber í skauti sér.

Málþing um stöðu félaga- samtaka í nútímanum

„Það er auðvitað heilmikið búið að liggja yfir því hvað á að gera á afmælisárinu til að fagna þessum merka áfanga. Meðal viðburða er málþing sem haldið verður nú í mars þar sem rædd verður staða frjálsra félagasamtaka í samfélaginu. Við erum í óða önn að safna góðu fólki sem flytur erindi á málþinginu. Það er áhugavert að velja þeirri spurningu upp, þegar vegalengdir hafa styst og afþreyingin fjölbreyttari hvort að það sé jafn mikil þörf fyrir félagsstarf í nærsamfélaginu. Í grunninn munum við ræða stöðu félagasamtaka eins og kvenfélaga, björgunarsveita og Lions svo dæmi sé tekið. Við skoðum gildi þeirra fyrir samfélagið sitt og hvort þau skipti jafn miklu máli nú og áður. *Hafa þau jafn mikið gildi og áður?* „Í mínum huga eru svona samtök það sem hefur búið til sterkara samfélaga á minni stöðum. Þau standa sterk og hafa ótal marga og mikilvæga snertifleti við samfélagið enn í dag.“

Breytingar á áhersl- um í tímanum

„Það hafa orðið heilmiklar breytingar á starfi kvenfélaga í gegnum tímann. Hér áður fyrr var áherslan að koma af stað sundkennslu, skikki á heilbrigðismál eins og það að fá ljósmóður til starfa, afskipti af skólamálum og í raun leggja grunn að því samfélagi sem við þekkjum í dag. Nú er áherslan hjá okkur aðeins breytt. Við styrkjum auðvitað sjúkráhusið og ýmis samfélagsverkefni og það breytist lítið. Hinsvegar erum við líka farnar að halda úti



Laufey Guðmundsdóttir, formaður Kvenfélags Grímsneshrepps.

viðburðum fyrir nærsamfélagið okkar eins og Grímsævintýri. Þar er kominn staður þar sem fólkið í sveitinni hittist ásamt fleira fólki. Við höldum lífi í sveitinni og sköpum tækifæri til að hittast og búa til minningar saman.

Saga kvenfélagsins er saga öfl- ugra kvenna í Grímsneshreppi

„Hluti af því sem við ætlum að gera nú á þessum tímamótum er að gefa út sögu Kvenfélags Grímsneshrepps. Saga Grímsneshrepps hefur komið út, en hlutur konunnar er ekki í forgrunni þar þó hún sé ekki síður merkileg en annað sem þar stendur. Með því að skrifa þessa sögu getum við dregið fram allt sem þessar öflugur konur, sem hafa farið í gegnum kvenfélagið, hafa áorkað samfélaginu til hagsbóta. Sú sem ritar söguna heitir Margrét Sveinbjarnardóttir frá Heiðar-bæ í Þingvallarsveit. Það er mikill happafengur að fá hana í verkefnið. Margrét er flestum hnúttum kunnug hér enda var hún sjálf í Ljósafossskóla og þekkir vel til hér á svæðinu. Þá er hún með menntunina til að halda utan um svona verkefni. *Er bókin komin af stað?* Já, við erum komnar á fullt í að fara yfir heimildir, fundagerðabækur og annað sem við náum í. Stofugólfíð hjá mér var undirlagt hér um daginn. Verkefnið er komið á rekspól og við hlökkum á ákaflega mikið til að vinna því áfram. -gpp

Vegan janúar = Veganúar

Veganúar er árlegt átaksverkefni sem hófst í Bretlandi 2014 og hvetur fólk til að prófa grænkera-lífsstílinn (e. vegan) í einn mánuð, í janúar, ár hvert. Er þetta gert til að vekja athygli á áhrifum neyslu dýraafurða á heilsu, dýravelferð og umhverfið. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, sem gefin var út í október, sagði frá alvarlegri stöðu baráttunnar við loftlagsmál og vakinn athygli á að nauðsynlegt sé t.d. að breyta landnýtingu, matarsíðum og ferðavenjum. Með ábyrgri



neyslu getur hver og einn haft áhrif. Umhverfis Suðurland hvetur þá sem ekki treysta sér til að fara alla leið í grænkera-lífsstílnum að kynna sér mál-efnið og reyna að breyta hlutfalli matvæla sinna svo stærri hluti en áður komi úr jurtaríkinu. Ef til vill geta ákveðnar máltíðir eða dagar verið alveg kjóðlausir. Leyfum náttúrunni að njóta vafans.



AÐSTOÐARMAÐUR VIÐ BIFREIÐASKOÐUN Á SELFOSSI

Við leitum að starfskrafti sem hefur góða þjónustulund, er áreiðanlegur, getur starfað sjálfstætt og getur hafið störf sem fyrst.

Starfið

- Aðstoða skoðunarmann við skoðun ökutækja
- Móttaka viðskiptavina
- Almenn afgreiðsla við skoðun og skráningar bíla
- Símsvörur

Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Almenn ökuréttindi
- Góð íslenskukunnátta
- Almenn tölvukunnátta

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Frumherja hf. Einnig hægt að senda umsóknir á starf@frumherji.is. Sigríður verkefnastjóri starfsmannamála veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 570 9144 og Sigurður Þór stöðvarstjóri á Selfossi í síma 570 9034. Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Forstöðumaður stuðningsþjónustu og málefna aldraðra

Forstöðumaður stuðningsþjónustu og í málefnum aldraðra óskast til starfa hjá Hveragerðisbæ í 60% starf. Auglýst er eftir öflugum og metnaðarfullum leiðtoga til að stýra málefnum eldri borgara í sveitarfélaginu.

Helstu verkefni

- Stjórnunarleg ábyrgð á þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu
- Ábyrgð á daglegri umsjón með stuðningsþjónustu á heimili fólks
- Samstarf við stofnanir og félög á sviði málaflokksins
- Stefnumótun og umbótastarf

Hæfniskröfur

- Iðjuþjálfari eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af vinnu með öldruðum
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun og umbótastarfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á netfangið maria@hveragerdi.is fyrir 1. febrúar 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags innan Bandalags háskóla-manna.

Hveragerðisbær er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.650 íbúa. Þjónusta er eins og best verður á kosið og íþrótt- og menningarlíf með miklum blóma. Umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í fallettu umhverfi. Við erum stolt af ánægðum íbúum sem í viðhorfskönnunum skipa Hveragerðisbæ í fremstu röð sveitarfélaga hvað þjónustu varðar. Nú viljum við gera enn betur og óskum því eftir öflugum liðsmanni til að efla enn þjónustu við elstu íbúa bæjarins.



www.hveragerdi.is



Við biðjum Sunnlendinga velvirðingar á að Noodle Station á Selfossi dró það að taka niður merkningar sem gáfu til kynna að staðurinn seldi Noodle Station vörur, eftir að samstarfi um sölu á vörum okkar lauk 21. desember sl.

Jafnframt viljum við setja okkur í samband við verktaka og birgja sem hafa starfað með NSS ehf á Selfossi og forsvarsmönnum þess, þeim Stefáni M. Sigríðarsyni og Gunnari V. Engilbertssyni, til að fá það staðfest að samstarf þessara aðila hafi gengið vel og hafi ekki neikvæð áhrif á orðspor Noodle Station vörumerkisins.

Hafa má samband á netfangið:
noodlestationfranchise@gmail.com

Noodle Station UG (haftungsbeschränkt)
Þýskalandi.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sálfræðingur

Skólaþjónusta Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu sálfræðings. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á starfi í skólum. Í sveitarfélaginu er unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, samstarf fagsviða og stofnana, m.a. um þróun úrræða fyrir börn og foreldra. Í Sveitarfélaginu Árborg búa um 9500 íbúar, þar af um 2000 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ráðgjöf til nemenda, foreldra og kennara, m.a. v/hegðunar- og tilfinningavanda barna
- þverfaglegt samstarf um málefni barna í leik- og grunnskólum
- sálfræðilegar skimanir og greiningar
- fræðsla og námskeið fyrir foreldra, börn og starfsfólk skóla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- kandidatspróf (cand. psych. gráða) í sálarfræði
- reynsla af starfi með börnum æskileg
- góðir skipulagshæfileikar
- hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480 1900, 852 3918. Áhugasamir geta sent umsóknir á skólathjónusta@arborg.is eða í pósti merktum fræðsluviði Árborgar v/sálfræðings, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2019. Miðað er við að ráðið verði í stöðuna frá 1. mars nk. eða eftir samkomulagi. Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Ástrós Rún Sigurðardóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og Sveinn Aðalsteinsson, formaður dómnefndar. Mynd: ÖG.

Þann 10. janúar sl. fór fram árlegur hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands. Fundurinn fór að venju fram í Fjölbautaskóla Suðurlands að viðstöddum forseta Íslands og um 150 gestum, sem komu víðsvegar að af Suðurlandi.

Hefð hefur verið fyrir því á hátíðarfundum að fá kynningu á einhverju verkefni, sem sjóðurinn hefur styrkt. Þetta árið voru það Aníta Þorgerður Tryggvadóttir og Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir styrkhafar frá 2016, sem kynntu sitt áhugaverða verkefni; Fjölbætt heilsurækt í sveitarfélögum.

Sveinn Aðalsteinsson stjórn-

arformaður sjóðsins fór yfir niðurstöðu dómnefndar sjóðsins og gerði grein fyrir niðurstöðum. Sjóðurinn ákvað að þessu sinni að styrkja tvö verkefni um 750.000 krónur hvort eða samtals 1.500.000 kr. Styrkhafar sjóðsins fyrir árið 2018 eru:

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir

vegna doktorsverkefnisins; *Eyja-fjallajökulsgos 2010 – áhrif á íbúa og enduruppbygging samfélaga*. Í verkefninu er sjónum beint að seiglu samfélaga (community resilience) vegna náttúruhamfara. Kannað er hvernig íbúar, starfsfólk og viðbragðsaðilar í sveitarfélögum Rangárþingi

eystra og Mýrdalshreppi álitu sig í stakk búin til að takast á við eldgos áður en Eyjafjallajökulsgosið árið 2010 hófst, hvaða áhrif gosið hafði, og hvernig þessum samfélögum gekk að takast á við afleiðingar gossins.

Ástrós Rún Sigurðardóttir

vegna mastersverkefnisins; *Þáttur félags- og menningarauðs í námi og menntun barna með fjölmennningarlegan bakgrunn*. Í verkefninu verður leitast við að svara því hvaða áhrif menningar- og félagsauður foreldra og forráðamanna hefur á nám innflytjendabarna í Sveitarfélaginu Árborg og jafnframt að rannsaka hvernig grunnskólakennarar og annað fagfólk í skólasamfélaginu stuðla að fjölmennningarlegri menntun nemenda sinna.

Það var forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sem afhenti styrkina og ávarpaði hann fundinn í kjölfarið.

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur síðastliðin 14 ár styrkt fjölmörg rannsóknarverkefni sem öll eiga það sameiginlegt að snúa að einhverju leyti að Suðurlandi. Þannig hefur sjóðurinn með stuðningi samfélagsins átt þátt í að búa til nýja og hagnýta þekkingu fyrir Suðurland.

Kór Menntaskólans að Laugarvatni hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2018



F.v.: Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Háskólafélagi Suðurlands, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Eyrún Jónasdóttir, kórstjóri, Guðmundur Heiðar Ágústsson, formaður stjórnar kórsins, Karen Dögg Bryndísardóttir Karlsdóttir verkefnastjóri kórsins, Laufey Helga Ragnheiðardóttir, meðstjórnandi, Ljósbrá Loftsdóttir, meðstjórnandi, Ástráður Unnar Sigurðsson, gjaldkeri kórsins og Eva Björk Harðardóttir, formaður stjórnar SASS.

Menntaverðlaun Suðurlands 2018 voru afhent í ellefta sinn á hátíðarfundinum í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi 10. janúar sl. Að þessu sinni bárust fjórar tilnefningar til Menntaverðlauna Suðurlands 2018 um verkefni, einstaklinga og/eða stofnanir. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Kór Menntaskólans að Laugarvatni og stjórnandi hans Eyrún Jónasdóttir fyrir metnaðarfullt kórastarf til fjölda ára og framúrskarandi stjórnun hans.

Úthlutunarnefnd er skipuð af stjórn Samtaka sunnlenskra

sveitarfélaga. Í henni voru Ásgerður K. Gylfadóttir og Sigurður Sigursveinsson en auk þess starfaði Ingunn Jónsdóttir fyrir nefndina. Nefndin fjallaði um umsóknirnar og niðurstaða þeirra var að Menntaverðlaun Suðurlands 2018 hlyti kór Menntaskólans að Laugarvatni og stjórnandi hans, Eyrún Jónasdóttir.

Nefndin tekur undir rökstuðning þeirra sem stöðu að tilnefningunni, en þar segir: „Kórastarf á sér langa sögu á Laugarvatni og ber þar helst að nefna kór Héraðsskólans gamla og svo kór

Menntaskólans að Laugarvatni. Kór ML hefur verið starfræktur með hléum, mislöngum, frá árinu 1977. Nokkurt hlé myndaðist á starfi kórsins upp úr aldamótum þó leitast hefði verið við að endurreisa það og komu þar að nokkrir stjórnendur. Eyrún Jónasdóttir, núverandi kórstjóri, var ráðin til starfa haustið 2011. Kórastarfið hefur vaxið mjög undir hennar stjórn. Nefna má sem dæmi að síðastliðna tvo vetur hafa um 65% nemenda skólans verið í kórnum. Kórangar skólans eru nú einingabærir valangar og eru því hluti af námsferli á útskriftarskírteini nýstúdentna. Nú þykir nemendum eftirsóknarvert að vera í kórnum og það er orðinn sjálfsgjör og eðlilegur hluti af félagsstarfi skólans. Líklega er það einsdæmi að um 2/3 allra nemenda framhaldsskóla séu í kór viðkomandi skóla.

Eyrún Jónasdóttir hefur þá hæfileika og menntun sem skiptir sköpum í starfi stjórnanda kórs í framhaldsskóla. Hún er menntuð söngkona og miðlar góðri raddbeitingu, menntuð í kórstjórn og píanóleik og þekkir úr eigin kórstarfi fjölbreytt verkefni. Hún á gott með að halda uppi jákvæðum aga, þannig að vinnuamband er milli hennar og kórfélaga.“

Framkvæmdir við Reykjaveg að hefjast

Opnuð hafa verið tilboð í breikkun og endurgerð Reykjavegar (355) í Bláskóga-byggð. Heimamenn í Bláskóga-byggð hafa lengi barist fyrir endurgerð vegarins. Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar segir í samtali við Dagskrána: „Baráttan fyrir bættum vegi hefur staðið frá því fyrir síðustu aldamót. Reykjavegur tengir saman þéttbýlisstaðina Reykholt – Laugarvatn og var einn af forsendum og röksemdum fyrir sameiningu sveitarfélaganna sem mynduðu Bláskógabyggð á sín-um tíma“.

Í mörg ár hefur staðið til að fara í endurgerð á veginum, en

ítrekað hefur útboði verið frestað og ýmsar ástæður legið þar að baki. Umferð um Reykjaveginn hefur aukist mikið síðustu ár. Ástand vegarins hefur verið afleitt og hefur á engan hátt borið þá umferð sem um veginn hefur farið.

Í samtali við Helga kemur fram að fyrir tæpu ári hafi sveitarstjórn Bláskógabyggðar boðið m.a. þingmönnum kjördæmisins og fulltrúum Vegagerðarinnar í ferð um helstu stofnvegi sveitarfélagsins. Meðal annars var farið um Reykjavegin og ástand hans skoðað. Helgi segir enn fremur: „Ljóst er að heimamenn í Bláskógabyggð fagna mjög þessari

framkvæmd enda um mjög þarfa samgöngubót að ræða.“

Lengd verksins auk tengivega er 8 km. Innifalið í verkinu er einnig efnisvinnsla í námum, ræsalögn, girðingarvinna, útlögn klæðningar og bygging nýrrar 20 m langrar eftirspenntrar brúar yfir Fullsæl.

Fyrsta áfanga verksins (Áfangi 1 – 3,5 km fullgerður vegur) skal ljúka fyrir 1. september 2019. Verkinu skal vera að fullu lokið 1. september 2020. Lægsta tilboð í verkið áttu Borgarvirki ehf. og GT verktakar ehf., Hafnarfirði. Tilboð þeirra hljóðaði upp á 535 milljónir króna og var 88,5% af áætluðum kostnaði. -gpp



Auglýsing um lóðaúthlutanir í Rangárþingi eystra

Rangárþing eystra auglýsir hér með eftirfarandi lóðir á Hvolsvelli, lausar til úthlutunar.

Gunnarsgerði 9 undir byggingu einbýlishúss
Hvolstún 21 og 25 undir byggingu einbýlishúsa
Nýbýlavegur 12 og 14 undir byggingu parhúsa

Umsóknareyðublað, nánari upplýsingar um lóðirnar og skipulagsskilmála má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli, bygg@hvolsvollur.is.

Við úthlutun lóðanna verður farið eftir úthlutunarreglum lóða í Rangárþingi eystra. Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2019. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa eða á netfangið bygg@hvolsvollur.is.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
skipulags- og byggingarfulltrúi



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Leikskólinn Brimver/Æskukot auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar

Aðstoðarleikskólastjóri / Sérkennslustjóri

Leikskólinn Brimver/Æskukot auglýsir eftir leikskólakennara í stöðu aðstoðarleikskólastjóra/ sérkennslustjóra frá og með 1. mars 2019. Um er að ræða 100% stöðu sem skiptist í 30% stöðu aðstoðarleikskólastjóra og 70% stöðu sérkennslustjóra. Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi sem er fær um að taka að sér stjórnunarlega ábyrgð, þátttöku í stjórnunarteymi og umsjón með sérkennslu.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi
- Reynsla og/eða menntun í sérkennslu og stjórnun æskilegrar
- Reynsla, áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, frumkvæði, áhuga-semi og góður samstarfsvilji
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Meginverkefni:

- Staðgengill leikskólastjóra
- Ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á rekstri leikskólans
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu skólafarsins
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Árborgar
- Faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum og veitir ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu
- Veita foreldrum/forráðamönnum barna stuðning, fræðslu og ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumörkun skólans ásamt stjórnunarteymi og öðru samstarfsfólki

Leikskólakennarar

Brimver/Æskukot auglýsir eftir leikskólakennurum í 100% starfshlutfall frá og með 1. mars 2019.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Árborgar
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum

Störfin henta jafnt körlum sem konum, launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 7. febrúar 2019.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Sigríður Birna Birgisdóttir í netfangið sigridurb@arborg.is. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið sigridurb@arborg.is.



KIRKJUBÆJARSTOFA

Auglýsing um starf atvinnu- og kynningarfulltrúa

Kirkjubæjarstofa – þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri óskar eftir að ráða atvinnu- og kynningarfulltrúa í 100% starf. Starf atvinnu- og kynningarfulltrúa er samstarfsverkefni Kirkjubæjarstofu – þekkingarseturs og Sveitarfélagsins Skaftárhrepps.

Helstu verkefni:

- Vinna að atvinnumálum í Skaftárhreppi í samstarfi við atvinnumálanefnd sveitarfélagsins og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð og ráðgjöf við umsóknir og skýrslugerð varðandi atvinnuskapandi verkefni
- Aðstoða aðila í atvinnurekstri, nýsköpunarverkefnum og frumkvöðlastarfsemi með það fyrir augum að stuðla að fjölbreyttri atvinnustarfsemi í Skaftárhreppi
- Fylgja eftir aðgerðaáætlun um framtíðarsýn til 2020 sem unnin var af íbúum Skaftárhrepps í verkefninu Skaftárhreppur til framtíðar
- Vinna reglubundið að því að koma jákvæðum fréttum og skilaboðum á framfæri jafnt innan sveitar sem utan og halda utan um kynningarmál á þeim vefsiðum sem tilheyra sveitarfélaginu og yfirfara kynningarefni

Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, starfsreynsla og þekking sem nýtist í starfi
- Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og gott samstarf eru mikilvæg
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er skilyrði.

Launakjör:

- Um laun og kjör fer eftir samningum viðkomandi stéttarfélags og Samninganefndar sveitarfélaga

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2019. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf um hæfni viðkomandi í starfið. Fyrirspurnir og umsóknir skulu vera sendar á netfangið kbstofa@simnet.is. Nánari upplýsingar veitir Ólafía í síma 892 9650.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin

Batasetur Suðurlands
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

ATVINNA

Smiður óskar eftir verkefnum
Smiður getur bætt við sig
verkefnum. Er vandvirkur og
sanngjarn í verðum. Tek að
mér parketlög, innréttingar
og margt fleira. Hafðu sam-
band í síma 837 8018.

Meiraprófsbilstjóri óskast

Óskað er eftir meiraprófs-
bilstjóra til starfa hjá HM
bílum. Upplýsingar fást í síma
893 3710.

VR PÍPULAGNIR 898 1598

**Nýlagnir
Efnisvinnsla
Öll almenn lagnarvinna**

Gunnar Valgeir Reynisson
Pípulagningameistari

Skráður hjá Mannvirkjastofnun
Gæðakerfi

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND


KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta


HAGBÓK

Eyravegi 37, 800 Selfoss
Sími: 480 3340
Netfang: hagbok@hagbok.is

**Alhliða bókhaldsþjónusta, skatt-
skil og ráðgjöf fyrir einstaklinga
og fyrirtæki. Áralöng reynsla.**

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Iðnarráðgjöf óskast

Óska eftir iðnarráðgjöf um
100 fm (+/-) á Selfossi með
innkeyrsluhurð, gott væri ef
það væri með millilofti og
góðri starfsmanna/ibúðar-
aðstöðu þar, helst í Gagnheiði
eða nágrenni. Hafið samband í
síma 647 0015.

FUNDIR

Vöflukaffi

Tíunda vöflu-
kaffi vetrar
verður haldið
næsta föstu-
dag 18. jan. að
Eyravegi 15 á
2. hæð milli kl.
16 og 18. Gestur okkar
verður Sigurður Ingi
Jóhannsson, samgöngu-
og sveitarstjórnarráðherra
og formaður Framsóknar-
flokksins. Allir velkomnir.



KIRKJUR

Stokkseyrarkirkja

Messa kl. 11.00. Kór kirkjunnar
leiðir söng. Prestur sr. Arn-
aldur Bárðarson. Kaffi og spjall
í safnaðarheimili að venju.

Selfoskirkja

Messa sunnudaginn 20. janúar
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Sunnudagaskóli á sama tíma,
umsjón Jóhanna Yr Jóhannss-
dóttir ásamt leiðtogum. Súpa
og brauð að lokinni athöfn.

Hrunakirkja

Dægurlagamessa sunnu-
daginn 20. jan kl. 20:30.
Kirkjukórinn flytur hugljúf
dægurlög.

Ólafsvallakirkja

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11
sunnudaginn 20. jan.
Nemendur úr Tónsmíðjunni
syngja undir stjórn Stefáns
Þorleifssonar. Biblíusaga og
hreyfisöngvar.

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**
Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffiveit-
ingar. English translation avail-
able. Bænastundir alla virka
daga kl. 18. selfossgospel.is.

Kirkjubæjarklausturs-
prestakall

Gleðiguðsþjónusta verður
haldin sunnudag 20. janúar kl.
14:00 í Minningarkapellu séra
Jóns Steingrímssonar. Stein-
unn Ása Þorvaldsdóttir mun
prédika ásamt sóknarpresti.
Ásakórinn og Kirkjukór
Prestsökkakirkju syngja undir
stjórn Zbigniew Zuchowicz.

Aðventistar

Laugardaginn 19. janúar 2019
verður lokað í safnaðarheimili
aðventista á Eyravegi 67.
Sameiginleg samkoma verður
í safnaðarheimilinu í Keflavík,
Blikabraut 2, frá kl. 11, með
ræðu verður Lilja Ármanns-
dóttir. Sameiginlegt borðhald
verður á eftir. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 19.
janúar kl. 11.00. Umsjón hefur
Bergþóra Ragnarsdóttir.
Messa sunnudag 20. janúar
kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson,
sóknarprestur, annast prests-
þjónustuna.

Hveragerðiskirkja

Messuhaldið á nýju ári hefst í
Hveragerðiskirkju sunnu-
daginn 20. janúar kl. 20 með
sannkallaðri tónlistarkvöld-
messu með frjálsllegu formi.
Hljómsveitin „Guðspjallið“
leikur og syngur vel valin lög
úr ýmsum áttum. Helgi Fr.
Kemp Georgsson leikur á
píanó, Jón Orvar Bjarnason
spilar á bassa, Stefán Ingimar
Þórhallsson á trommur og þær
Bryndís Erlingsdóttir og Kristín
Arna Hauksdóttir sjá um
sönginn.

**Göngugreining og
lagersala 20. janúar**


Í lðu

kl: 12:00- 22:00

Tímabókanir

í síma: 55 77 100

www.gongugreining.is



EINS OG FÆTUR TOGA

Villikettir á Suðurlandi

Ása Nanna
Mikkelsen,

í stjórni Villikatta
Suðurlandi.



Félagið Villikettir var stofnað árið 2014. Markmið félagsins er að hlúa að villi- og vergangsköttum á Íslandi og fækka þeim á mannúðlegan hátt með því að Fanga-Gelda-Skila (TNR) sem er alþjóðleg aðferð sem miðar að því að fækka villiköttum án þess að aflífa þá. En starfsemin snýst um fleira. Þannig bjargar félagið öllum kettlingum sem finnast úti, manna þá og finnur þeim heimili. Og mikill tími og peningar fara í að hjúkra veikum vergangs- og

villiköttum. Suðurlandsdeildin var stofnuð í mars 2017 og hefur sífellt vaxið fiskur um hrygg. Auk deildarinnar uppi á landi er félagið með deild í Vestmannaeyjum. Árið 2018 var mjög annasamt hjá Villiköttum Suðurlandi. Á árinu fékk deildin uppi á landi 111 ketti í hendurnar (þar af 59 kettlinga). Kisurnar komu úr mörgum sveitarfélögum Suðurlands en Árborg vegur þar lang þýngst með samtals 42 ketti á síðastliðnu ári. Í Vestmannaeyjum hafa auk þess u.þ.b. 60 kettir fengið hjálp, frá því að sú deild var stofnuð í desember 2017.

Sjálfbærnið á Suðurlandi hefur sem betur fer farið fjölgandi. Allt þetta fólk reynir að hjálpa og sumir hafa lagt nótt við dag, oft við mjög erfiðar aðstæður. Svo þarf að sinna útigjöfum og gera skjól og

sjálfbærnið hafa lagt heimili sín undir athvörf fyrir kisurnar. Það var því mikið fagnaðarefni þegar samningar náðust við Vestmannaeyjabæ og Hveragerði í október síðastliðnum. Þar með urðu Vestmannaeyjar og Hveragerði fjórða og fimmta sveitarfélag landsins til að gera samning við félagið Villiketti. Í kjölfarið fékk félagið lánað húsnæði á þessum stöðum, að vísu tímabundið í Hveragerði. En aðstaða fyrir kisurnar breytir miklu. Ekkert af þessu gengi nema vegna framlaga velunnara og stuðningsaðila. Samstarf Villikatta við Dýralæknajónustu Suðurlands á Stuðlum er ómetanlegt. Verum góð við kisurnar okkar. Tökum þær úr sambandi, örmerkjum, bólu setjum, ormahreinsum og skráum. Villi- og verganskettir falla nefnilega ekki af himnum ofan.

Flokkum meira

Neyðarástand hefur skapast í sorpmálum í Árborg og raunar á öllu Suðurlandi. Sorpstöð Suðurlands hefur leitað að urðunarstað fyrir úrgang á Suðurlandi árum saman án árangurs. Undanfarið hefur sorpið sem fellur til í Árborg verið flutt í Álfnes þar sem Sorpa hefur tekið á móti því til urðunar, en hefur nú tilkynnt að móttöku á því sé hætt. Möguleikarnir í stöðunni til skamms tíma eru ekki margir. Rætt hefur verið um að flytja hreinlega ruslið til útlanda til brennslu þar. Ljóst er að fyrirsjáanlegur aukinn kostnaður við förgun á úrgangi mun hafa bein efnahagsleg áhrif á íbúa sveitarfélagsins sem bera kostnað af sorphirðugjöldum. Þessi alvar-

Guðbjörg Jónsdóttir.

3. sæti á lista
Framsóknar og
óháðra í Árborg.



lega staða krefst þess að við, með samstilltu átaki, reynum allt sem við getum til að draga úr þeim úrgangi sem þarf að urða eða brenna og gerum enn betur í flokkun á sorpi. Ég vil hvetja íbúa til að vera meðvitaðir um þennan mikilvæga samfélagslega vanda og leggja áherslu á að auka flokkun og er markmiðið að lágmarka það sem nú fer í gráu tunnuna.

Unnið er að því af hálfu bæjaryfirvalda í Árborg að flyta þeim möguleika að bjóða upp á þriðju tunnuna og hefja söfnun á lífrænum úrgangi í sveitarfélaginu. Mót-taka er á gámasvæðinu fyrir gler og annan endurnýtanlegan úrgang sem auðvelt er að safna saman og skila á móttökustað svo eitthvað sé nefnt.

Til lengri tíma sé ég tækifæri í þessum erfiðu aðstæðum og hvet bæjarstjórn Árborgar til að hafa frumkvæði í þessum málum og skoða kosti þess að koma upp sorpbrennslu hér á svæðinu. Það er einkum tvennt sem vinnst með því, annars vegar að draga úr kolefnisspori við flutning á sorpi og hins vegar að þarna væri tækifæri á að beisla auðfenginn orkugjafa sem m.a. væri hægt að nýta til að hita upp vatn fyrir hitaveitu.



ÖLFUS

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Þórustaði II, Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Þórustaði II samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jörðin Þórustaðir II er 51,6 ha. Aðkoma er frá Þjóðvegi 1, Suðurlandsvegi. Jörðin Þórustaðir II afmarkast af Þórustöðum I til vesturs og suðurs, jörðinni Árbæ til norðurs og Ölfusa til austurs. Breytingin tekur til nýrra byggingarreita fyrir starfsemi Matfugls ehf að Þórustöðum II. Fyrirhugað er að byggja tvö hæsnahús ásamt þjónustu- og eggjahúsi og tengigangi við alifuglahúsin með matshluta 06 og 07. Hvort hinna nýju húsa verða 1500 m² að stærð og þjónustu- og eggjahúsið um 350 m². Eftir fyrirhugaða stækkun fer stærð alifuglahúsa úr um 3997 m² í um 7350 m². Fram kemur í umhverfisáhrifum fyrr deiliskipulagið hvernig fráveita verður og meðhöndlun á skít.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn frá og með 18. janúar 2019 til og með 1. mars 2019 og einnig á heimasíðu Ölfuss, olfus.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út 1. mars 2019. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið olfus@olfus.is.

Bæjarstjórinn í sveitarfélaginu Ölfusi.

Kálflugudúkar

Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 15. mars n.k.

Garðyrkjubændur athugið!

Við tökum við pöntunum
á kálflugudúk til 15. mars n.k.

Stærðir: 13x100m og 13x200m



Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Lagningu ljósleiðara í Flóahreppi miðar vel áfram

Verkefni um lagningu ljósleiðara í Flóahreppi miðar áfram hægt og örugglega að sögn aðstandenda verkefnisins. Fyrsta áfanga verkefnisins var lokið á árinu 2018. Veðurfar hefur verið með þeim hætti að ekki hafa orðið umtalsverðar tafir á verkefninu og vonir standa til að svo verði áfram. Þá eru enn að berast umsóknir um tengingar

frá sumarhúsaeigendum, íbúum og fyrirtækjum. Eyðis Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps sagði í samtali við Dagskrána að það sé ánægjulegt að segja frá því að útreiknaður kostnaður vegna fyrsta áfanga sé undir kostnaðaráætlun. Hún sagði einnig að vinna við 2. áfanga sé að hefjast eftir jólahefningu. „Ég vil einnig nota tækni

færið og þakka verkefnisstjóra og eftirlitsmanni Flóahrepps á vettvangi Flóaljóss fyrir gott utanumhald um verkefnið fyrir hönd sveitarfélagsins.“ -gpp



Mynd af vef Flóaljósa.

REKO Suðurland – milliliðalaus viðskipti

Milliliðalaus sala á matvælum hefur fæst í vöxt að undanförunu. Ein birtingarmynd þess er svokölluð REKO hugmyndafræði sem rekin er í gegnum Facebook-hópa. REKO gengur út á það að nýta nútímatækni, þ.e. Facebook, sem dreifileið á vörum bænda, heimavinnsluáðila og smáframleiðenda á vörum sínum til neytenda. Sérstakur REKO hópur hefur verið stofnaður á Suðurlandi og hefur hann þegar tekið til starfa.

Fyrirmyndin kemur frá Finnlandi en REKO er skammstöfun og þýðir „vistvænir og heiðarlegir viðskiptahættir“. Tilgangurinn með REKO er að efla nærsamfélagsneyslu og færa framleiðendur og kaupendur nær hver öðrum; gera matarhandverki og heimavinnslu herra undir höfði og færa smáframleiðendur ofar í virðisæðjuna.

Fyrirkomulagið er þannig að stjórnandi hvers REKO hóps stofnar viðburð (e: event) inn í

REKO hópnum fyrir hverja afhendingu. Framleiðendur setja inn færslur inn í þá viðburði sem þeir vilja taka þátt í þar sem þeir tilgreina hvað þeir hafi í boði og hvað það kosti. Undir hverja færslu setja áhugasamir kaupendur inn athugasemd þar sem þeir tilgreina hvað þeir vilji kaupa og hve mikið. Þeir geta einnig gert það í einkaskilaboðum til framleiðenda.

Kaupendur greiða framleiðendunum svo rafrænt fyrir það sem þeir ætla að kaupa - fyrir afhendingardaginn. Á afhendingardeginum afhenda framleiðendur kaupendum síðan vörurnar milliliðalaust.

Þeir hópar sem eru formlega farnir af stað auk Suðurlands og hafa verið með frá einni upp í fimm afhendingar eru REKO Reykjavík, Vesturland, Sunnanverðir Vestfirðir og Norðurland.

Næsta afhending hjá REKO Suðurlandi verður laugardaginn 19. janúar kl. 11–12 hjá Jötni á Selfossi.



Frá fyrstu afhendingu REKO á Suðurlandi sem fram fór í desember sl.

SPEKT

Bókhaldspjónusta Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn

Sími 576 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is


HREINGERNINGA- þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steintéppabreinsun, téppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Símar 483 3827 og 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson

sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson

sími 779 6777

Jiibbii

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Raf- og Kæli- þjónustan ehf.

Sími 660 2970

- Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
- Ísskápaþiðgerðir
- Almennar raflagnir

GK GLUGGAR

Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

rauða húsið


restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020



Vistvænir íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands – Eyravegi 55, Selfossi – www.okuskoli.is

Josera.

super premium
gæludýrafóður

Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151


Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bilamerkingar Strigaprentun Fatamerkingar Gluggafilmur Límmiðar Skiltagerð Filmulausnir og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is Filmulausnir
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is